

# ÁRSSKÝRSLA

## SFR STÉTTARFÉLAGS Í ALMANNAPJÓNUSTU




STÉTTARFÉLAG  
Í ALMANNAPJÓNUSTU



2018-2019



## SFR hlutfallsleg skipting



## SFR í tölum

Í desember 2018 voru félagar í SFR 5734 talsins og hafði þeim fjölgað um 80, eða 1,4% frá því í desember árið á undan. Er þetta fimmta árið í röð sem félagsmönnum fjölgar á milli ára. Fjölgaði þeim hlutfallslega mest í sjálfs eignastofnunum, ríkisfyrirtækjum og einstaklingsaðild. Ríkisstafsmenn eru eins og áður langstærsti hluti félagsmanna, rúmlega 65%, þó að aðeins hafi fækkað á milli ára. Næst stærsti hópurinn eru félagsmenn sem vinna hjá sjálfs eignastofnunum, ríkisfyrirtækjum eða eru í einstaklingsaðild að SFR og hefur þeim fjölgað á milli ára og eru nú tæp 28%. Enn heldur áfram að fækka félagsmönnum sveitarfélaga innan SFR en lítillega þó, voru 4,6% og eru nú 4,2%.

Hlutfall kvenna og karla stendur í stað á milli ára og eru 65,8% félagsmanna konur á móti 34,2% félagsmanna sem eru karlar. Meðalaldur félagsmanna heldur áfram að lækka á milli ára og er nú 43,84 ár. Búseta helst óbreytt á milli ára og er 80% félagsmanna okkar á höfuðborgarsvæðinu ásamt Reykjanes-skaga á móti 20% á landsbyggðinni. Lífeyrisdeildin telur 1190 félagsmenn í ár og gerir það aukningu um 4,3% á milli ára.

Myndrænt er munur árána eftirfarandi:

Ár	Sjálfs eignastofnanir, ríkisfyrirtæki og aðrir	Stm. sveitarfélaga	Fæðingarorlofssjóður	Ríkisstafsmenn	Atvinnulausir
2017	24,5%	4,6%	1,5%	68,6%	0,8%
2018	27,8%	4,2%	2,0%	65,3%	0,7%

Í ársskýrslu stjórnar er stiklað á stóru, enda er starfsemi félagsins umfangsmikil og fjölbreytt. Skýrslan er ekki tæmandi en ætti að gefa góða mynd af starfi félagsins og tengdra aðila. Sú hefur hefur skapast að í skýrslunni er ýmist miðað við almánaksárið eða starfsár stjórnar sem starfar á milli aðalfunda. Tímabilið sem ársskýrslan fjallar um er mars 2018 til mars 2019. Tölulegar upplýsingar miðast þó yfirleitt við almanaksárið 2018. Öllum þeim fjölda fólks sem gegnt hefur trúnaðarstörfum fyrir félagið er þakkað gott starf í þágu félagsins undanfarið ár.

## Skrifstofa SFR – viðföng og verkefni

Eins og hin síðari ár voru verkefni skrifstofunnar fjölmörg og af ýmsum toga. Meginstefið í starfinu er að þjónusta félagsmenn í þeim fjölbreyttu erindum sem þeir leita með til skrifstofunnar. Rík áhersla er lögð á að greiða úr þeim málum sem þeir biðja skrifstofuna að koma að og sjá til þess að aðgangur þeirra að sjóðum og þjónustu sé alltaf í besta mögulega farvegi. Mikil áhersla hefur verið lögð á að einfalda alla almenna afgreiðslu í Styrktar- og sjúkrasjóði, Starfsmenntunarsjóði og Orlofssjóði og gera allar umsóknir og afgreiðslur rafrænar. Með það að markmiði hefur farið mikil vinna í „Mínar síður“ á vef félagsins.

Skrifstofan heldur einnig utan um alla fundi og innra starf. Þar ber hæst trúnaðarmannakerfið, stjórn félagsins, félagsráð, stjórnir sjóða og nefnda og ýmis samvinnuverkefni á vettvangi BSRB og viðsemjenda. Í þessum hópum öllum kemur að fjöldi félagsmanna og þarf utanumhald á þessu fjölbreytta starfi að vera mjög gott.

Á árinu 2018 vorum við enn með töluverðan fjölda stofnanasamninga við ríkisstofnanir í vinnslu. Í kjarasamningunum 2015 var samið um að allir stofnanasamningar yrðu teknir upp og endurnýjaðir 2017, samtímis því að tekin yrði upp ný launatafla.

Fjöldi stofnanasamninga í þessari aðgerð voru um 160. Vegna umfangsins fluttist nokkur hluti þeirra yfir á árið 2018 og voru kláraðir á árinu. Af þessari samningavinnu var töluvert umstang á skrifstofu SFR, auk þess sem samstarfsnefndir félagsins unnu að samningagerðinni hver á sinni stofnun.



## Ársskýrsla SFR

Ábyrgðarmaður: Árni Stefán Jónsson  
 Umsjón: Sólveig Jónasdóttir  
 Forsíðumynd: Kristín Erna Arnardóttir  
 Umbrot & prentun: Guðjón Ó - Vistvæn prentsmiðja  
 Skrifstofa SFR er á 4. hæð, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík  
 Sími 525-8340. Bréfsími: 525-8349  
 Opið virka daga kl. 9.00-16.00  
 Netfang: [sfr@sfr.is](mailto:sfr@sfr.is) Veffang: [www.sfr.is](http://www.sfr.is)  
 ISSN númer er: 1670-5874





## Launakönnun SFR 2018

Niðurstöður launakönnunar voru birtar í október. Könnunin var nú gerð tólfta árið í röð en frá upphafi hefur félagið verið í samstarfi við VR og síðar einnig fjármála- og efnahagsráðuneytið og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Hún var unnin af Gallup í febrúar og mars 2018 og var gerð með líkum hætti og síðustu ár. Spurt var um laun greidd þann 1. febrúar 2018. Alls sendu tæplega 2.800 SFR félagar inn lista og var svarhlutfall 51%. Þegar búið er að draga frá þá lista sem ekki voru fylltir út á fullnægjandi hátt stóðu eftir 2.583 svör sem voru notuð við úrvinnslu gagna. Af þeim sem svöruðu voru konur 69% og karlar 31% og er það svipað hlutfall og fyrir ári.

Niðurstöður könnunarinnar sýndu að heildarlaun SFR féлага voru tæpar 541 þúsund krónur, ef miðað var við fullt starf. Þetta er tæpum 46 þúsund krónum hærra heildarlaun en fyrir ári og hækkan um rúm 9% milli ára. Fyrir ári hækkuðu launin um rúm 8%. Laun karla hækkuðu um tæpar 50 þúsund krónur (tæp 9%) og laun kvenna hækkuðu um rúmar 43 þúsund krónur (rúm 9%).

Grunnlaun SFR féлага í fullu starfi hækkuðu um rúm 9%. Hækkan ólíkra starfsstétta var þó mismunandi. Ef skoðaðar eru breytingar frá síðasta ári má sjá að laun kvenna og karla hækka álíka mikið.

### Launamunur kynjanna

Niðurstöður könnunarinnar sýndu að konur höfðu 94% af grunnlaunum karla (var 93% fyrir ári) en 81% af heildarlaunum karla (var 79% fyrir ári). Vinnutími karla var tæpum fjórum

stundum lengri en kvenna á viku, sem gera rúma 16 tíma á mánuði. Aukagreiðslur til kvenna eru lægri en til karla, sem að hluta til skýrist af skemmri vinnutíma, sérstaklega yfirvinnugreiðslum, en einnig óunninni yfirvinnu og öðrum greiðslum. Munur á heildarlaunum fullvinnandi karla og fullvinnandi kvenna er rúm 19% en var rúm 20% fyrir ári. Þetta er álíka munur og hefur verið undanfarin sjö ár. Að teknu tilliti til aldurs, vinnutíma, starfsaldurs, starfsstéttar, menntunar, vaktaálags og atvinnugreinar er munurinn sem eftir stendur og rekja má til kyns rúmlega 11% en minnstur mældist munurinn 7% árið 2010 og 2013. Þetta er sami munur og mældist 2016 en breytingin frá í fyrra (2017) er ekki marktæk þar sem hún er innan vikmarka.

### Samanburður á heildarlaunum VR, SFR og St.Rv.

Heildarlaun VR féлага í 100% starfi eru tæpar 672 þúsund krónur að meðaltali en heildarlaun SFR féлага eru að meðaltali tæpar 550 þúsund. Vinnutími félagsmanna eru svipaðir. VR félagar eru því með hærra laun en SFR félagar fyrir fullt starf, en laun SFR féлага þyrftu að hækka um 22% að meðaltali til að ná launum VR féлага. Ef borin eru saman laun pr. vinnustund eru laun VR féлага pr. vinnustund 3.658 krónur en SFR féлага 2.982 krónur og St.Rv. féлага 3.061 kr.

## Lögfræðileg málefni og dómsmál

Á árinu 2018 voru ýmis mál sem félagið fór með í vinnslu hjá lögmonnum fyrir hönd félagsmanna. Þar var meðal annars um að ræða mál tengd vinnuslysum og ofbeldi frá skjólstaðingum sem félagsmenn sinna. Einnig voru mál sem tengdust ólögmatum og ómálefnalegum uppsögnum, sem og breytingum á störfum sem ekki voru gerðar með réttum hætti. Nokkuð var um að félagið kæmi að málum sem þurfti að greiða úr og komast að samkomulagi milli félagsmanna og stjórnenda stofnana.

Félagið leitaði meðal annars til Umboðsmanns Alþingis í einu máli sem sneri að rétti félagsmanna í skammtíma ráðningarsambandi.

Ýmis smærri mál og álitserðir voru einnig unnin á árinu þar sem skýra varð ýmis álitamál hvað réttindi félagamanna varðar.





## Stofnun ársins 2018

Valið á Stofnun ársins var kynnt við hátíðlega athöfn á Hilton Nordica 9. maí 2018 en valið var niðurstaða könnunarinnar sem lögð var fyrir félagsmenn í febrúar sama ár. Titlana Stofnun ársins og Fyrirmyndarstofnun hljóta þær stofnanir sem þykja skara fram úr að mati starfsmanna.

Sigurvegarnir árið 2018 voru Persónuvernd, Ríkisskattstjóri og Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum. Þessar stofnanir hlutu titilinn Stofnun ársins 2018 en Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra var hástökkvari ársins og hækkaði sig mest á milli ára.

Könnunin sem framkvæmd hefur verið árlega síðan 2006 er unnin í góðu samstarfi milli SFR, St.Rv., fjármála- og efnahagsráðuneytisins og VR. Þátttakendur eru spurðir út í níu þætti í starfsumhverfinu, þ.e. trúverðugleika stjórnenda, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í starfi, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægju og stolt og jafnrétti. Könnunin þykir gefa mikilvægar upplýsingar um stöðu starfsmanna á vinnu-markaði. Markmiðið með að velja fyrirmyndarstofnanir er hvatning til stjórnenda um að gera vel í starfsmannamálum og auka umræðu um aðbúnað og líðan starfsmanna á vinnustöðum. Gallup sér um framkvæmd könnunarinnar sem er stærsta reglulega vinnumarkaðskönnun sem framkvæmd er hér á landi og var úrtakið tæplega 50.000 manns.

Val á stofnun ársins fer þannig fram að valin er stofnun sem uppfyllir þáttökuskilyrði úr þremur stærðarflokkum og bera þessar þrjár stofnanir heitið „Stofnun ársins.“ Stærðarflokkarnir eru þrír; stofnanir með færri en 20 starfsmenn, stofnanir með 20- 49 starfsmenn og stofnanir með 50 eða fleiri starfsmenn.

### Fyrirmyndarstofnanir með 50 og fleiri starfsmenn:

Í flokki stærstu stofnana eru fimm fyrirmyndarstofnanir. Þær voru auk Ríkisskattstjóra, Reykjalundur, Vínbúðin – ÁTVR, Fjölbrautarskóli Suðurnesja og Fjölbrautarskóli Norðurlands vestra.

### Fyrirmyndarstofnanir 20-49 starfsmenn:

Í flokki meðalstórra stofnana eru fyrirmyndarstofnanirnar einnig fimm. Þær voru árið 2018 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Einkaleyfastofa, Samkeppniseftirlitið og Landmælingar Íslands.

### Fyrirmyndarstofnanir færri en 20 starfsmenn

Í flokki minni stofnananna eru fyrirmyndarstofnanirnar þrjár, þ.e. Persónuvernd, Hljóðbókasafn Íslands og Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

### Heildareinkunn hækkar milli ára

Niðurstöður könnunarinnar sýndu að heildareinkunn hafði almennt hækkað á milli ára. Starfsfólk minni stofnana er jafnan ánægðara en starfsfólk stærri stofnana en 2018 mældist minni munur milli kynjanna. Af þeim níu þáttum sem mældir eru fengu þættirnir sem mæla mat starfsfólks á sjálfstæði í starfi og sveigjanleiki í vinnu hæstu einkunn hjá SFR en lægsta einkunnin er eins og áður á þættinum sem mælir ánægju með launakjör.

Meðaleinkunn allra stofnana sem eru á lista yfir Stofnun ársins var 3,98 – sem er svipað og fyrir ári en þá var hún 3,97. Heildareinkunn hafði hækkað ár frá ári eða alls um 0,15 stig á



kvarðanum 1 til 5 frá árinu 2011. Af þáttunum níu sem mældir voru fengust hæstu einkunnir á þáttunum Sjálfstæði í starfi (4,25) og Sveigjanleiki vinnu (4,24). Einkunn er lægst á þættinum Launakjör (3,03), líkt og áður. Þetta er í stórum dráttum sama mynstur og almennt hefur komið fram í könnuninni síðustu ár. Mesta hækkun er á jafnréttisþættinum en sá þáttur hækkar um 0,06 stig milli ára. Ekki voru markverðar breytingar á öðrum þáttum.

Mínni munur var á svörum kynjanna en oft áður. Mest áberandi munur á svörum kynjanna mátti sjá á spurningum um jafnrétti en þar var viðhorf karla almennt mun jákvæðara en kvenna. Körlum finnst t.d. frekar en konum að allir njóti jafnræðis á vinnustaðnum og stefnan sé skýr og að tækifæri kynjanna séu þau sömu til starfsframa.

Á fjórum þáttum var viðhorf karla á hinn bóginn neikvæðara en kvenna, það er á þáttunum Stjórnun, Sveigjanleiki, Sjálfstæði í starfi og Ánægja og stolt. Konur gefa þessum þáttum sem sagt hærri einkunn en karlar gera. Ef skoðaðar eru einstakar spurningar kemur í ljós að konur svara því t.d. frekar að þær eigi auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf og bera almennt frekar fullt traust til stjórnenda stofnana en karlar.

### Samanburður milli stéttarfélaganna

Heildarniðurstaða félaganna tveggja, SFR og St.Rv. er mjög áþekkt og aðeins munar 0,05 stigum (á kvarðanum 1-5) á félögunum tveimur. En þó að munur á heildareinkunn sé lítil er engu að síður mikill munur á félögunum þegar kemur að

tveimur þáttum; launakjörum og vinnuskilyrðum. Mat SFR félaganna á launakjörum er mun jákvæðara en St.Rv. félaganna og mat SFR félaganna er einnig mun jákvæðara á vinnuskilyrðum en St.Rv. félaganna. Á móti kemur að St.Rv. félagar gefa ímynd stofnunar, jafnrétti og stjórnun mun hærri einkunn en SFR félagar. Heildarlaun VR félaganna í 100% starfi eru tæpar 672 þúsund krónur að meðaltali en heildarlaun SFR félaganna eru að meðaltali tæpar 550 þúsund. VR félagar eru því með 22% hærri laun en SFR félagar fyrir fullt starf, sem þýðir að laun SFR félaganna þyrftu að hækka um 22% að meðaltali til að ná launum VR félaganna. Meðalheildarlaun St.Rv. félaganna eru tæpar 581 þúsund kr. og er VR með 16% hærri heildarlaun en St.Rv. að meðaltali. Laun St.Rv. þyrftu að meðaltali að hækka um 16% til að ná launum VR félagsmanns. Ef borin eru saman laun pr. vinnustund eru laun VR félaganna pr. vinnustund 3.658 kr. en SFR félaganna 2.982 kr. og St.Rv. félaganna 3.061 kr.

### Happdrætti

Í kjölfar könnunarinnar eru dregnir út vinningar fyrir heppna þátttakendur í könnuninni um Stofnun ársins en þeim er ætlað að vera hvatning til félagsmann að taka þátt. Að þessu sinni voru sjö vinningar dregnir út og þeir heppnu hlutu glæsilega vinninga. Þau Jóna Sigþórsdóttir, Valgerður Guðmundsdóttir og Böðvar Björnsson fengu gjafabréf frá Icelandair að andvirði 60.000.- krónur hvert. Þær Laufey Viðarsdóttir og Linda Reimarsdóttir eiga skemmtilega daga í vændum á Airwaves í haust og Guðrún Pálsdóttir og Friðjón Bjarnason unnu helgardvöl í einhverju af hinum glæsilegu orlofshúsum SFR.



# Málþing



Í tilefni könnunarinnar um Stofnun ársins héldu SFR og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar í fyrsta sinn sameiginlegt málþing um mannaúð sama dag og viðurkenningar voru afhentar. Tilgangurinn var fyrst og fremst sá að félögin vildu leggja sitt af mörkum til þess að dýpka umræðuna um mannaúðsmál hjá stofnunum og vinnustöðum félagsmanna sinna. Yfirskrift málþingsins var Hvað þarf til þess að vera fyrirmyndarstofnun? Erindi héldu þau Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri Tjarnarinnar frístundamiðstöðvar sem lagði áherslu á skýra sýn og hlutverk starfsmanna. Ásta Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri mannaúðssviðs Landspítala sem jafnframt er doktor í vinnusálfræði hefur mikla reynslu af því að vinna með kannanir sem stjórnþæki. Hlutverk þeirra væri mikið því þær mældu það sem mögulega gætu verið neikvæð viðbrögð starfsmanna áður en afleiðingarnar kæmu fram. Ólafur Þór Hauksson fyrrverandi

sérstakur saksóknari og núverandi héraðssaksóknari talaði um góðan framgang sérstaks saksóknaraembættisins í könnuninni. Að loknum erindunum tóku Gunnar Björnsson skrifstofustjóri Kjara- og mannaúðssýslu ríkisins og Ragnhildur Ísaksdóttir starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar þátt í umræðum með fyrirlesurum og svöruðu áhugasömum málþingsgestum.

Það var mál manna á málþinginu að mikil þörf hefði verið á þessum vettvangi til fræðslu og skoðanaskipta. Augljóst er að hjá stjórnendum er mikill áhugi á því að nýta könnunina um Stofnun ársins frekar í starfi. SFR og St.Rv. eru afar þakklát fyrirlesurum og þátttakendum í málþinginu fyrir áhugaverðar umræður og hefur þegar verið tekin ákvörðun um að endurtaka málþingið í tengslum við Stofnun ársins á næsta ári.



# Félagsráð

Síðasti fundur félagsráðs var haldinn 21. september 2018 en venjulega hefur félagsráð fundað tvisvar á ári, í janúar og september. Árið hefur einkennt af sameiningu SFR og St.Rv en lög nýs félags Sameykis voru samþykkt á aðalfundi félagsanna 26. janúar 2019. Þar með var félagsráð lagt niður og ekki haldinn síðari fundur starfsársins.



Hlutverk félagsráðs SFR var að taka fyrir og afgreiða mál sem eru þess eðlis að ekki þurfi afgreiðslu félagsfundar eða stjórnar SFR. Á fundinum 21. september fór Kristinn Bjarnason hagfræðingur BSRB yfir skýrslu Gylfa Zoega sem hann vann fyrir ríkisstjórnina vegna komandi kjarasamninga. Þórarinn Eyfjörð framkvæmdastjóri SFR fór yfir fjárhagsstöðu sjóða félagsins og lögð var fram skýrsla um starfsemi SFR á árinu. Þar kom m.a. fram að launakönnun ársins kæmi vel út, með hækkun allt að 9%, fjöldi funda var haldinn um allt land og nýr ritstjóri tók við blaði stéttarfélaganna.

Félagsráð mynda stjórn félagsins, formenn fagfélaga/deilda og stéttarfélag og 15 fulltrúar kosnir af trúnaðarmannaráði á fyrsta trúnaðarmannaráðsfundi að hausti eftir kosningu á oddatöluári og fór sú kosning fram á trúnaðarmannaráðsfundi þann 20. september 2017.

## Félagsráð SFR

**Anna Karen Kristjánsdóttir**

Sýslumaðurinn á Ísafirði

**Anna Pálína Jónsdóttir**

Skógræktin

**Astrid Sörensen**

Fulltrúi Félags íslenskra lækna ritara

**Árni Stefán Jónsson**

SFR stéttarfélag í almannatjónustu

**Ása Guðmundardóttir**

Háskólinn á Akureyri

**Ásgerður Halldórsdóttir**

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

**Baldur Vignir Karlsson**

Landspítali réttargeðdeild

**Berglind Margrét Njálisdóttir**

Tollstjóraembættið

**Bryndís Theódórsdóttir**

Vinnumálastofnun

**Elín Helga Jóhannsdóttir**

Sanko Landspítali

**Fríða Kristbjörg Steinarsdóttir**

Landspítali

**Garðar Svansson**

Fangelsismálastofnun

**Gísli Sigurðsson**

Frihöfnin

**Guðjón Bjarki Sverrisson**

Hafnarfjarðarbær

**Guðni Kristjánsson**

Íbúðalánasjóður

**Guðrún Kristín Svavarsdóttir**

Landspítali

**Gunnar Garðarsson**

Vegagerðin

**Gunnar Magnússon**

Ríkisútvarpið

**Heiðrún Höskuldsdóttir**

Heilbrigðisstofnun Vesturlands Stykkishólur

**Ingibjörg Hafberg**

Landspítali

**Ingibjörg Óskarsdóttir**

Lífeyrisdeild SFR

**Jón Ingi Jónsson**

Fangelsismálastofnun

**Kristín Guðjónsdóttir**

Ríkisskattstjóri

**Kristbjörg Halla Magnúsdóttir**

SÁÁ

**Magnea Bjarnadóttir**

Ríkisskattstjóri Hellu

**Ólafur Ásmundsson**

Landhelgisgæslan Keflavíkurflugvelli

**Ólafur Hallgrímsson**

Listaháskóli Íslands

**Páll Svavarsson**

Hafrannsóknarstofnun

**Pétur Ásbjörnsson**

Landspítalinn Eiríkgötu

**Ramuné Kamarauskaité**

Isavia

**Sigríður Rut Sigurðardóttir**

Háskóli Íslands

**Sigurjón Jónsson**

Isavia

**Sigurlaug Hrefna Sverrisdóttir**

Háskóli Íslands

**Sindri Freyr Steinsson**

Landspítali Laugarásinn

**Svanhildur Steinarsdóttir**

Menntamálastofnun

**Sveinn Pálsson**

Fulltrúi Félags íslenskra félagsliða

**Vésteinn Valgarðsson**

Landspítali

**Viðar Ernir Axelsson**

Landhelgisgæsla

**Þorsteinn Jónsson**

Raunvísindastofnun HÍ

**Þórey Einarsdóttir**

Sjálfbjargarheimilið





# Trúnaðarmannakerfi & innra starf SFR

## Trúnaðarmannaráð

Trúnaðarmenn og stjórn SFR mynda saman trúnaðarmannaráð félagsins sem kosið er til tveggja ára í senn. Trúnaðarmenn eru u.þ.b. 190 talsins og eru þeir helsta tenging stéttarfélagins við vinnustaðina og starf þeirra því afar mikilvægt.

Kosning trúnaðarmanna fyrir kjörtímabilið 2017-2019 fór fram í maí 2017 og verður því kosið í maí 2019 fyrir kjörtímabilið 2019-2021. Mikilvægt er að hafa trúnaðarmenn á öllum vinnustöðum og þar sem 5 starfsmenn eða fleiri eru á vinnustað er hvatt til kosningar eða skipunar trúnaðarmanns. Hlutverk trúnaðarmanna felst m. a. í að gæta hagsmuna félagsmanna á vinnustað, miðla upplýsingum á milli félagsmanna og gæta þess að kjarasamningar séu virtir. Hlutverkið er bæði fjölbreytt og gefandi og felur í sér tækifæri til að bæta við sig þekkingu og reynslu, jafnt á persónulegum grunni sem og starfslega. Allir félagsmenn geta boðið sig fram sem trúnaðarmenn.

Starfsárið 2018-2019 einkenndist af samvinnu við St.Rv. þar sem farið var í skipulega vinnu t.d. með morgunverðarfundum um allt land, til að kanna hug félagsmanna beggja félaganna til hugsanlegrar sameiningar félaganna.

Í maí 2018 var haldinn sameiginlegur fundur félaganna á Grand hóteli þar sem haldið var áfram með hugmyndavinnu sem hafin var á sameiginlegum haustfundi félaganna vegna hugsanlegrar sameiningar félaganna. Þar var unnið í hópum á borðum og rætt um félagslega uppbyggingu, sjóði og réttindi og skipulag og þjónustu hugsanlegs sameinaðs félags. Í kjölfar fundarins var tekin ákvörðun um að fara í allsherjaratkvæðagreiðslu að hausti og leggja hugmyndina um sameiningu í dóm félagsmanna. Niðurstaðan í atkvæðagreiðslunni var afgerandi og í kjölfarið hófst undirbúningur sameiningar.

Kjararáðstefna trúnaðarmanna og fulltrúa SFR og St.Rv. var haldin á Grand hóteli í lok nóvember. Þar komu saman rúmlega 100 manns og unnu afar gagnlega vinnu til undirbúnings kröfugerðum félaganna. Erindi á ráðstefnunni héldu þeir Kristinn Bjarnason hagfræðingur BSRB og Stefán Ólafsson prófessor. Stefán fjallaði um áhrif stjórnvalda á kjör og kjarasamninga og sýndi meðal annars þróun tekjuskript-

ingar og áhrif skatta undanfarin ár. Kristinn fór einnig yfir þær kröfur sem liggja fyrir á almenna markaðinum og fjallaði um efnahagsumhverfið almennt og svigrúm til launahækkinga, jöfnun launa á milli markaða sem er hluti samkomulags um lífeyrismálin o.fl. Góður rómur var gerður að erindum þeirra Kristins og Stefáns en að þeim loknum lögðu trúnaðarmenn en að þeim loknum lögðu trúnaðarmenn og fulltrúar í hópavinnu, þar sem rýnt var í kjarasamninga, fram upplýsingar um áherslur sem halda þyrfti á lofti. Eftir þá vinnu lágu fyrir miklar og góðar upplýsingar sem kröfugerðir voru m.a. byggðar á.

Trúnaðarmannaráð SFR fundaði mánaðarlega yfir vetrartím-ann og voru haldnir alls 8 fundir á starfsárinu 2018-2019, þar af tveir sameiginlegir 2018, maifundurinn og jólafundurinn í desember þar sem Hallgrímur Helgason og Auður Ava Ólafsdóttir lásu upp úr nýútkomnum bókum sínum.

Í samspili við janúarfundinn 2019 voru haldnir aðalfundir beggja félaga þar sem sameiningin var samþykkt og frá og með þeim fundi eru trúnaðarmannaráðsfundir sameiginlegir undir nafninu trúnaðarmanna – og fulltrúaráðsfundir Sameykis. Þar með fjölga trúnaðarmönnum í u.þ.b. 400 úr 190. Að jafnaði sækja um 40 – 50% trúnaðarmanna fundina. Stefnan er sem fyrr sú að hafa fjölbreytta fræðslu á fundunum og með því hvetja trúnaðarmenn til að taka sem virkastan þátt í starfinu.

Fræðsla fyrir trúnaðarmenn er í formi námskeiða og fræðslumorgna sem haldnir eru fyrir hádegi sama dag og trúnaðarmannaráðsfundirnir. SFR og St.Rv. hafa boðið upp á 3ja daga grunnnámskeið en auk þess hafa trúnaðarmenn aðgang að 7 þrepa námskeiðum Félagsmálaskóla alþýðu og BSRB. Í sameinuðu félagi mun verða svipaður háttur á þótt starfið sé enn í mótun. Umsjón með fræðslu fyrir trúnaðarmenn hefur Jóhanna Þórdórsdóttir, fræðslustjóri.

Markmiðið í nýju félagi verður eins og verið hefur að halda fjölbreytta trúnaðarmannaráðsfundi. Reynt er að vera með puttann á púlsinum og fjalla bæði um þjóðfélagsmál og mál efni félagsins. Meðal þeirra sem komu á fundi trúnaðarmannaráðs á starfsárinu voru Guðmundur Ævar Oddsson dósent við



Háskólinn á Akureyri sem fjallaði um stéttaskiptingu á Íslandi. Tómas Bjarnason frá Gallup fjallaði um launakönnunina sem gerð er sem samhliða könnuninni um Stofnun ársins og Sonja Ýr Þorbergsdóttir nýkjörin formaður BSRB kom á fund og kynnti stefnu BSRB og verkefni framundan. Umsjón með trúnaðarmannakerfi SFR hefur Kristín Erna Arnardóttir, sérfræðingur á kjara- og félagssviði.

Á aðalfundi SFR er valinn trúnaðarmaður ársins. Trúnaðarmaður ársins 2018 var Halldóra Ólafsdóttir trúnaðarmaður hjá Bændasamtökunum. Henni var veitt viðurkenning fyrir gott starf í þágu félagsins og hefur hún að mati stjórnar SFR staðið sig afar vel í starfi í þágu félagsins.

### Stefna

Að SFR verði í fararbroddi stéttarféлага um faglega uppbyggingu trúnaðarmannastarfs í samræmi við stefnu félagsins. Að þekking trúnaðarmanna á kjaramálum, þátttaka þeirra í starfi SFR og trúnaðarmannakerfi SFR verði til eftirbreytni á landsvísi.

### Markmið

- Að auka þátttöku trúnaðarmanna í starfi SFR
- Að efla þekkingu trúnaðarmanna á kjaramálum
- Að trúnaðarmenn veiti stjórn og starfsmönnum SFR virkt aðhald í daglegu starfi
- Að veita sem flestum félagsmönnum, sem þess óska, tækifæri til þátttöku í starfi SFR
- Að stuðlað verði að framþróun í starfi trúnaðarmanna félagsins og aðstoða til þess sé eins og best gerist
- Að leitað sé nýrra leiða til eflingar á trúnaðarmannakerfi SFR og starfi trúnaðarmanna
- Að efla lýðræði, jafnrétti og jafnræði innan SFR
- Að trúnaðarmenn eigi möguleika á að taka þátt í stefnumótun félagsins

### Leiðir:

- Að skapa trúnaðarmönnum gott aðgengi að starfsmönnum og stjórn SFR
- Að koma á föstum samstarfsfundum í samstarfi við trúnaðarmenn, félagsmenn og stofnanir
- Skapa trúnaðarmönnum aðstæður til eflingar starfsins
- Að koma til móts við ólíka hópa og aðstæður innan trúnaðarmannakerfisins
- Marka ólíkum hópum tíma með starfsmönnum og stjórn félagsins
- Aðstoða trúnaðarmenn við að koma af stað nýjum hugmyndum og efla það starf sem fyrir er
- Að tryggja að tekið sé tillit til kynjasjónarmiða, og annarra jafnræðissjónarmiða, þegar skipað er í nefndir og ráð á vegum SFR
- Að skapa aðstæður þar sem að trúnaðarmenn hafa tækifæri til að tjá sig og koma á framfæri sínum óskum
- Stuðla að samstarfi milli trúnaðarmanna til að efla þekkingu og samvinnu þeirra á milli





# Orlofssjóður




Rekstur og útleiga orlofshúsa SFR er einn af mikilvægum þáttum í þjónustu SFR við félagsmenn. Félagið hefur lengi lagt áherslu á að eiga orlofshús á eftirsóknarverðum stöðum þar sem félagsmenn geta notið dvalar í vönduðum húsum.

Orlofssjóður SFR á nú 39 eignir víða um land. Á Vesturlandi á félagið 11 hús í Munaðarnesi, eitt í Selásum, tvö í Húsafelli auk húsa í Skorradal og á Arnarstapa. Á Norðurlandi á félagið tvær íbúðir á Akureyri og orlofshús í Kjarnabyggð auk tveggja nýrra orlofshúsa í Hálöndunum sem keypt voru á árinu en Hálöndin eru orlofshúsa- og útivistarsvæði sem staðsett er miðja vega milli Akureyrarbæjar og skíðasvæðisins í Hlíðafjalli. Á Suðurlandi eru átta orlofshús í Vaðnesi, stórt orlofshús á Hólasetri í Biskupstungum auk fjögurra íbúða í Reykjavík. Á Austurlandi á félagið fjögur hús á Eiðum. Í tveimur húsanna mega gestir hafa gæludýr, þ.e. á Arnarstapa og á Hólasetri í Biskupstungum.

Auk orlofshúsa í Hálöndunum festi félagið kaup á eignum á Spáni. Um er að ræða 3ja herbergja þakíbúð í fjölbýlishúsi við strandgötuna Arenals del Sol, í um það bil 10 km fjarlægð við flugvöllinn í Alicante. Þá keypti félagið einnig 4ra herbergja raðhús í Quesada. Báðar eignirnar hafa verið vel nýttar síðan þær voru keyptar og mikil ánægja með þessa viðbót við orlofsmöguleika félagsmanna.

Auk orlofshúsa hefur félagsmönnum boðist eins og áður að velja úr fjölmörgum öðrum orlofskostum, svo sem að kaupa gjafabréf í flug frá Flugfélagi Íslands, Icelandair og Úrval-Útsýn. Ódýrar gistinætur á hótelum víða um land, veiðikort og útilegukort svo eitthvað sé nefnt.

Árlega er gefið út orlofsblað sem sent er öllum félagsmönnum. Í blaðinu eru ítarlegar kynningar á orlofshúsum félagsins og öðrum orlofsmöguleikum.





## Nýting orlofshúsa SFR sumarið 2018

Heiti	Fjöldi daga	Bókaðir dagar	Framboð daga	Hlutfall framboðs
Akureyri - Holtaland 1	91	52	54	96
Akureyri - Hamratún 26	91	85	91	93
Akureyri - Holtaland 3	91	53	54	98
Akureyri - Kjarnabyggð	91	91	91	100
Akureyri - Skálatún 35	91	85	91	93
				<b>96%</b>
Arnarstapi - Sölvaslóð 7	91	85	91	<b>93%</b>
Calle no 5 Samara complex no 5. Al	91	48	48	<b>100%</b>
Hólasetur í Biskupstungum	91	91	91	<b>100%</b>
Húsafell - Hraunbrekkur 4	91	84	91	92
Húsafell - Hraunbrekkur 6	91	89	91	98
				<b>95%</b>
Munaðarnes - Bjarkarás 10 f/fat	91	86	91	94
Munaðarnes - Bjarkarás 3	91	84	91	92
Munaðarnes - Bjarkarás 5	91	86	91	95
Munaðarnes - Stekkjarhóll 72	91	85	91	94
Munaðarnes - Stekkjarhóll 73	91	73	91	80
Munaðarnes - Stekkjarhóll 76	91	86	91	95
Munaðarnes - Stekkjarhóll 77	91	86	91	94
Munaðarnes - Vörðuás 11	91	91	91	100
Munaðarnes - Vörðuás 12	91	79	91	87
Munaðarnes - Vörðuás 14	91	79	91	87
Munaðarnes - Vörðuás 17	91	68	91	75
				<b>90%</b>
Reykjavík - Grandavegur 42 D	91	79	91	87
Reykjavík- Grandavegur 42 G	91	73	91	80
Reykjavík- Grandavegur 45	91	67	91	74
Reykjavík - Sóltún 12	91	65	91	71
				<b>78%</b>
Selásar 20 - Borgarbyggð	91	91	91	<b>100%</b>
Skorradalur	91	91	91	<b>100%</b>
Vaðnes - Bollagarðar 1	91	80	91	88
Vaðnes - Bollagarðar 2	91	80	91	88
Vaðnes - Bollagarðar 3	91	84	91	92
Vaðnes - Bollagarðar 4	91	84	91	92
Vaðnes - Bollagarðar 5	91	89	91	98
Vaðnes - Bollagarðar 6	91	79	91	87
Vaðnes - Bollagarðar 8	91	91	91	100
				<b>81%</b>
Eiðar hús 10	91	79	91	87
Eiðar hús 11	91	65	91	71
Eiðar hús 12	91	71	91	78
Eiðar hús 5	91	79	91	87
				<b>81%</b>



STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Fjórir ráðgjafar á vegum VIRK starfsendurhæfingarsjóðs starfa í BSRB húsinu. Ráðgjafarnir eru Birna Muller, Helga Ágústsdóttir, Karen Björnsdóttir og Ragnheiður Kristiansen.

Starf þeirra felst í að aðstoða félagsmenn við að endurheimta og efla starfsgetu og starfshæfni eftir veikindi eða slys. Lögð er áhersla á að halda vinnusambandi þegar það er til staðar og aðstoða við að finna leiðir til atvinnuþátttöku á nýjan leik. Í byrjun árs 2019 voru 2.500 einstaklingar í starfsendurhæfingu á vegum VIRK. Þá höfðu rúmlega 15.000 einstaklingar nýtt sér þjónustu VIRK starfsendurhæfingarsjóðs frá því honum var komið á fót árið 2008. Tæplega 80% þeirra sem hafa lokið þjónustu hjá VIRK eru virkir á vinnumarkaði við útskrift, þ.e. í launaðri vinnu, virkri atvinnuleit eða í lánshæfu námi. Alls hafa 1.329 einstaklingar leitað til ráðgjafanna í BSRB húsinu og 833 þeirra útskrifast eða lokið þjónustu.

Einstaklingum sem glíma við heilsubrest sem hindrar þá frá vinnu er bent á að ráðfæra sig við lækni varðandi starfsendurhæfingu. Ef læknir metur að þörf sé á starfsendurhæfingu sendir hann tilvísun til VIRK.

Félagsmenn sem leita til sjúkrasjóðs SFR fá jafnan upplýsingar um þjónustu VIRK. Ráðgjafarnir eru staðsettir á 3. hæð í BSRB húsinu. Frekari upplýsingar um VIRK er að finna á [www.virk.is](http://www.virk.is). Einnig má senda tölvupóst á [virk@bsrb.is](mailto:virk@bsrb.is) eða hringja í síma 525 3800.

*Við störfum fyrir daginn í dag, gærdagurinn er farinn, morgundagurinn ekki runninn upp. Við höfum einungis daginn í dag.*

*Móðir Teresa (1910-1997)*

# Sameiningarferlið

Árið 2018 einkenndist öðru fremur að umræðunni um sameiningu félaganna. Á vorönninni voru skipulagðir fjölmargir morgunverðarfundir víða um land þar sem hugmyndir um sameiningu félaganna voru m.a. ræddar. Markmiðið var fyrst og fremst að kynna umræðurnar og fá fram afstöðu félagsmanna og stuðla að umræðum þeirra á meðal. Í maí 2018 var síðan haldinn stór sameiginlegur fundur trúnaðarmanna og fulltrúa félaganna þar sem málin voru rædd og m.a. gerð könnun á vilja fundar-gesta.

Í kjölfar þess fundar var ákveðið að fara af stað með kynningar- og umræðuferferð þar sem reynt var að skapa umræður og svara spurningunni um það hvað sameining félaganna hefði í för með sér. Útbúið var kynningarefni og gefinn út bæklingurinn Hvað hefði sameining í för með sér? í samstarfi við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar en honum var dreift til félagsmanna og á kynningarfundum á vinnustöðum.

Kynningarfundirnir urðu rúmlega þrjátíu talsins, haldnir hringinn í kringum landið og stærstu vinnustöðunum. Auk þess voru haldnir opnir kynningarfundir í húsnæði félagsins á Grettisgötu 89.

Að lokum var blásið til allsherjaratkvæðagreiðslu í nóvember og málið lagt í hendur félagsmannanna sjálfra. Styst er frá því að segja að sameining félaganna var samþykkt og niðurstaðan kynnt þann 9. nóvember 2018. Alls tóku 40,75% félagsmanna SFR þátt í atkvæðagreiðslunni og féllu atkvæði þannig: 57,25% sögðu já en 37,07% sögðu nei, 5,68% tóku ekki afstöðu. Hjá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar féllu atkvæði þannig að 77,02% sögðu já en 17,56% sögðu nei, 5,42% tóku ekki afstöðu. Alls tóku 27,34% félagsmanna St.Rv. þátt í atkvæðagreiðslunni.

Af þessu tilefni sendu stjórnir félaganna frá sér eftirfarandi orðsendingu:

„Forysta félaganna fagnar þessum úrslitum og þakkar öllum þeim fjölda félagsmanna sem kynntu sér málið og tóku þátt í atkvæðagreiðslunni. Við lítum björtum augum til framtíðar og þeirra tækifæra sem stærra og sterkara stéttarfélag mun gefa okkur. Sameinað félag mun vera betur í stakk búið til þess að mæta verkefnum framtíðarvinnnumarkaðarins. Við munum í nýju félagi standa vörð um réttindi og kjör félagsmanna og leitast við að auka þjónustuna. Þetta verða sameiginleg verkefni okkar næstu misserin og munu trúnaðarmenn sem og félagsmenn allir vera virkjaðir í því starfi.“

Í kjölfar niðurstöðunnar um sameiningu félaganna ákváðu stjórnir félaganna að aðalfundir félaganna skyldu haldnir 26. janúar þar sem gengið yrði formlega frá sameiningunni og nýjum lögum félagsins.

Laganefnd tók til starfa með fulltrúum beggja félaga og vann drög að nýjum lögum en að þeirri vinnu komu einnig rúmlega 50 trúnaðarmenn og fulltrúar félaganna á sérstökum dags-fundi rýnihóps sem áhugasömum bauðst að taka þátt í. Nýju

lögini voru samþykkt á aðalfundinum 26. janúar og í þeim var jafnframt bráðabirgðaákvæði þar sem segir að Stjórn sameinaðs félags verði skipuð núverandi stjórnun SFR og St.Rv. næstu tvö árin.

Formaður SFR verður formaður sameinaðs félags og formaður St.Rv. varaformaður. Orlofs- og vinnudeilusjóðir félaganna skulu sameinaðir.

Þá var blásið til nafnasamkeppni og sendu um 200 félagsmenn inn hugmyndir að nafni fyrir hið nýja félag en alls bárust 291 hugmynd. Dómnefnd valdi nafnið Sameyki stéttarfélag í almannabjónustu og var höfundur þess Margrét Högnadóttir starfsmaður Ríkisskattstjóra og fékk hún vegleg verðlaun sem afhent voru á aðalfundinum. Tilkynt var um hið nýja nafn á aðalfundinum í janúar 2019 en þar voru ný lög jafnframt samþykkt.







## Kjaramál

Á árinu 2018 vorum við enn með töluverðan fjölda stofnanasamninga við ríkisstofnanir í vinnslu. Í kjarasamningunum 2015 var samið um að allir stofnanasamningar yrðu teknir upp og endurnýjaðir 2017, samtímis því að tekin yrði upp ný launatafla. Fjöldi stofnanasamninga í þessari aðgerð voru um 160. Vegna umfangsins fluttist nokkur hluti þeirra yfir á árið 2018 og voru kláraðir á árinu. Af þessari samningavinnu var töluvert umstang á skrifstofu SFR, auk þess sem samstarfsnefndir félagsins unnu að samningagerðinni hver á sinni stofnun.

### Fundur um launamál í aðdraganda kosninga

SFR tók þátt í fundi með frambjóðendum til borgarstjórnarkosninganna undir yfirskriftinni Láglaunaborgin Reykjavík með Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, VR og Eflingu en þetta eru stærstu stéttarfélögin innan ASÍ og BSRB með starfssvæði í Reykjavík. Fundurinn var haldinn á Grand hótél í lok maí og þótti takast vel. Áherslumálin voru launa- og húsnæðismál og meðal annars voru frambjóðendur krafðir svara um hvað borgin gæti gert til að bæta launakjör og auka jöfnuð og hvernig bregðast ætti við ástandinu á leigumarkaði.



# 1. maí

Félagar í SFR eru jafnan fjölmennir í kröfugöngu á baráttudegi verkalyðsins þann fyrsta maí og er rauða fánaborgin áberandi í göngunni eins og sjá má á myndunum.



## Félag heilbrigðisritara (FHR)

*Fríða Kristbjörg Steinarsdóttir, formaður*

Árið 2018 var viðburðaríkt. Aðalfundur var haldinn í apríl. Fönn Eyþórsdóttir kom inn í stjórnina vegna veikinda varaformanns. Stjórn skipuðu því Fríða Kristbjörg Steinarsdóttir formaður, Sigríður Jóhannsdóttir varaformaður, Ástríður Sigþórsdóttir gjaldkeri, Matthildur Birgisdóttir ritari, Braghildur Sif Matthíasdóttir meðstjórnandi og Fönn Eyþórsdóttir varamaður í stjórn. Ákveðið var að slíta ekki formlega aðalfundi fyrir en lokaniðurstaða væri fengin í öllum þeim málum sem á dagskrá voru.

### Löggilding

Formaður fékk loks fund með heilbrigðisráðuneytinu vegna umsóknar um löggildingu. Enn og aftur fengum við neitun. Vinna við breytingu á námskrá og styrkingu námsins er nauðsynleg og heldur sú vinna áfram.

### Útskrift

2018 útskrifuðust átta heilbrigðisritarar frá FÁ. Þrjú á vorönn og fimm á haustönn. Fríða formaður afhenti útskriftarkonum gjöf frá félaginu við hátíðalega athöfn í FÁ.

### Andlát

Sigríður Jóhannsdóttir varaformaður FHR lést 30. júní. Hennar verður sárt saknað.



### Framhalds-aðalfundur

Þar sem ekki náðist að klára öll mál á aðalfundinum um vorið héldum við auka, framhalds-aðalfund um haustið. Breyting varð á stjórninni vegna fráfalls Sigríðar og var Braghildur Sif skipuð varaformaður í hennar stað. Fönn Eyþórsdóttir kom inn sem meðstjórnandi.

### Jólafundur

Jólafundurinn var aftur með breyttu sniði í ár. Við hittumst á Grettisgötunni og pöntuðum okkur súpu frá Hjá Höllu og Svavar Knútur kom og söng fyrir okkur nokkur lög og las einnig upp úr bók. Yndisleg kvöldstund í góðum félagskap.





# Félag íslenskra læknaritara

Hólmfríður Einarsdóttir formaður

Félag íslenskra læknaritara (FÍL) er fagfélag læknaritara á landsvísu og eru félagsmenn í ýmsum stéttarfélögum vítt og breitt um landið. Stjórn FÍL er með aðstöðu hjá SFR á Grettisgötunni. Félagsmenn eru 172. Núverandi stjórn félagsins er skipuð þeim Hólmfríði Einarsdóttur formanni, Önnu Haarde gjaldkera, Klöru Berglindi Gunnarsdóttur ritara og meðstjórnendum Hildi Eyjólfsdóttur og Sigurbjörgu Haraldsdóttur.



Skólanefnd FÍL ásamt formanni, þökkuð vel unnin störf undanfarin 20 ár.

## Starfið

Starfið hefur verið viðburðarríkt sl. ár. Fundað er a.m.k. tvisvar í mánuði yfir veturinn og er formaður með fasta símatíma á þriðjudögum. Auk þess eru haldnir nefndarfundir og ýmsir fræðslu- og skemmtifundir á vegum félagsins. Það sem einkenndi starfsárið 2018 var vinnan við að koma námi fyrir læknaritara á háskólastig. Í janúar héldum við fjölmennan vinnufund með félagsmönnum þar sem við fengum til okkar markþjálfra til aðstoðar. Í sumar héldu vinnufundirnir svo áfram í samstarfi við Samtök atvinnulífsins til þess að hæfnimeta námið. Haustið 2019 hefst nýtt fagháskólanám, þ.e. diplómanám í heilbrigðisgagnafræði við HÍ. Starfsheitið læknaritari breytist þar með í heilbrigðisgagnafræðing. Fjölmennur kynningarfundur var haldinn á nýja náminu sem var streymt á Netinu til þess að gera landsbyggðinni kleyft að fylgjast með. Aðalfundur félagsins var svo haldinn í Reykjavík 10. apríl og var mæting alveg ágæt.



Frá háskóladeginum 2. mars þegar nýtt diplómanám í heilbrigðisgagnafræði var kynnt.

## Norrænt samstarf

NOLO eru stjórnarfundir félaga læknaritara frá öllum Norðurlöndunum ásamt Grænlandi. Þriðja hvert ár eru haldnar samnorrænar ráðstefnur læknaritara frá þessum löndum. Í ár var komið að Íslandi að halda stjórnarfundinn og gekk það mjög vel. Héldum við fundinn í Reykjavík og fórum í skoðun um endurhæfingarstöðina á Reykjalundi og í hestaferð um Mosfellsbæinn. Ráðstefnan verður svo haldin í september í Malmö í Svíþjóð.

## Læknaritarinn

Hættum að gefa blaðið út og fólum þess í stað ritstjórn blaðsins að birta efni á nýja vefnum okkar.

## Vefur félagsins

Nýr vefur félagsins er [www.laeknaritari.is](http://www.laeknaritari.is). Á vefnum má finna allar helstu upplýsingar um fagið og félagið og þar má einnig sækja rafrænt um inngöngu í félagið. Auk þess eru langflestir félagsmenn á facebook síðu læknaritara og þar fara fram ýmis skoðanaskipti enda góður vettvangur fyrir félagsmenn um land allt.

## Kaffihúsafundir

Ákveðið var að halda tvo kaffihúsafundi yfir veturinn, þ.e. einn fyrir áramót og annan eftir áramót og var fræðslu- og skemmtinefndinni falið að skipuleggja þá.

# Þróunar- og símenntunarsjóður

Á árinu 2018 sátu í stjórn sjóðsins Árni Stefán Jónsson og Sigurlaug Hrefna Sverrisdóttir fyrir hönd SFR og Guðmundur H. Guðmundsson og Sara Lind Guðbergsdóttir fyrir hönd fjármálaráðherra. Hlutverk sjóðsins er að styrkja stofnanir og fyrirtæki til að auka möguleika þeirra á að þróa starfssvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru á hverjum tíma og efla símenntun starfsmanna sem eru í SFR með það fyrir augum að þeir séu færari um að takast á við sífellt fjölbreyttari verkefni.

Stofnanir geta sótt um styrki til að gera starfsþróunaráætlun fyrir starfsmenn, framkvæma verkefni sem byggja á starfsþróunaráætlunum eða til að halda nám/námskeið.

Eftirfarandi stofnanir sóttu um styrki og fengu úthlutað vegna mismunandi verkefna árið 2018:

## Starfsþróunaráætlun:

- Samgöngustofa
- Utanríkisráðuneytið
- Velferðarsvið Reykjanesbæjar

## Verkefni sem byggja á starfsþróunaráætlun:

- Fangelsismálastofnun
- Félagsþjónusta Árborgar
- Vinnueftirlitið

## Nám/námskeið:

- Ás styrktarfélag
- ÁTVR
- Flensborgarskóli

- Isavia
- Landgræðslan
- Landspítali háskólasjúkrahús
- Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra
- Reykjavíkurborg
- Sjálfsbjargarheimilið
- Vinnueftirlitið
- Vinnumálastofnun

Einnig voru sameiginleg verkefni Þróunar- og símenntunarsjóðs og Fræðslusetursins Starfsmenntar styrkt líkt og fyrri ár, þar á meðal fagháskólanám í opinberri stjórnsýslu sem kennt er í Háskólanum á Bifröst. Síðan Fræðsluatrið Starfsmennt var sett á fót hafa fræðsluverkefni í auknum mæli flust þangað, enda hlutverk Starfsmenntar að efla símenntun starfsmanna og jafnframt að auka möguleika stofnana á að þróa starfssvið sitt sem er í takt við hlutverk sjóðsins eins og kemur fram hér að ofan. Á árinu samþykkti stjórn að Félag starfsmanna stjórnarráðsins (FSS) sé gildur aðili að sjóðnum enda berast nú iðgjöld vegna FSS félaga til Þróunar- og símenntunarsjóðs SFR. Þannig geta félagsmenn FSS sótt um starfsþróunarstyrki og ráðuneyti sótt um styrki í þróunar- og símenntunarsjóð.

Þá var unnið að því að endurbæta umsóknarferli fyrir sjóðinn sem mun verða rafrænt á árinu 2019.

Þróunar- og símenntunarsjóður hefur gert samkomulag við stjórn Starfsmenntunarsjóðs SFR um að hann sjái um afgreiðslu starfsþróunarstyrkja. Á árinu 2018 var framlag til starfsþróunarstyrkja 35 milljónir.

## Fangavarðafélags Íslands

Jón Ingi Jónsson formaður



Það sem stóð upp úr hjá Fangavarðafélaginu á árinu 2018 var heimsókn formanna allra norrænu félaganna í byrjun júnímánaðar og fundir sem haldnir voru með þeim hér á landi. Afrakstur þeirra funda var ályktun um starfsmannamál á Hólmsheiði og menntun fangavarða og var hún undirrituð af formönnum allra félaga innan NFU og send ráherra og öllum þingmönnum. Þá var norrænu gestunum einnig boðið í heimsókn í nýjasta fangelsið okkar á Hólmsheiði og það skoðað hátt og lágt.

Fangavarðafélagið sendi fulltrúa á BSRB þing og voru þeir virkir í nefndarstörfum og var þetta mjög fræðandi og áhugavert þing. Þá var einnig unnið að endurskoðun á stofnanasamningum á árinu og náðust kjarabætur þar vegna aðstoðarvarðstjóra.



Ný stjórn Fangavarðafélagsins. Efri röð frá vinstri eru: Ásgerður Jóhannsdóttir, Brynjar Jónsson og Kristján Hoffmann. Neðri röð frá vinstri Victor Gunnarsson og Jón Ingi Jónsson.



# Erlent samstarf

SFR tók þátt í margvíslegu erlendu samstarfi á árinu. Fyrst ber að nefna NSO (Nordiska statstjästemannaorganistionen) samtök ríkisstarfsmanna á Norðurlöndunum með um 250.000 félagsmenn innan sinna vébanda. SFR gekk í þessi samtök 1992 og hefur félagið tekið virkan þátt í starfinu síðan.

Samstarfið hefur verið SFR mjög lærdómsríkt og er það mat félagsins að það hafi einnig lagt töluvert til málanna sem samstarfsfélögin hafa getað nýtt sér. Formennsku og framkvæmdastjórn er róterað milli félaganna í ákveðinni röð, formennskan varði í eitt ár í senn en hefur nú verið breytt í tvö ár í senn. Ísland hafði formennskuna á starfsárinu 2017 og hélt þá m.a. SFR ráðstefnu á Siglufirði þar sem aðildarfélög NSO hittust og ræddu málin. Fulltrúar SFR sátu fund NSO í Danmörku í ágúst síðastliðnum og þá sóttu formaður og framkvæmdastjóri einnig fundi á vegum NSO.

## NOFS

SFR á tvo fulltrúa í NOFS (Nordens Offentliganställdas Fackliga Samorganisation). Fulltrúarnir sóttu einn fulltrúafund í Stokkhólmi á starfsárinu, en fundi NOFS sitja fulltrúar opinberra stéttarfélaga á Norðurlöndunum sem eiga aðild að PSI og EPSU. PSI eru alþjóðasamtök starfsmanna í almannajónustu og EPSU er Evrópuhlíðin á þeim samtökum með miklum tengslum og vinnu gagnvart Evrópusambandinu. Innan EPSU eru starfræktar nefndir sem hafa á sinni könnu ýmsa þætti starfsmanna í almannajónustunni. Við höfum tekið virkan þátt nú í ein tvö ár í nefndinni sem fer sérstaklega með málefni ríkisstarfsmanna. Þing EPSU verður haldið í sumar í Dublin og fara 3 fulltrúar frá Sameykki á það þing ásamt fleirum.



## Fulltrúar SFR í stjórnnum, nefndum og starfshópum

### Stjórn BSRB

Árni Stefán Jónsson, 1. varaformaður BSRB til þings í okt. 2018

Garðar Hilmarrsson, 1. varaformaður BSRB eftir þing í okt. 2018

### Stjórn ROM (Rekstrarfélag orlofsmála í Munaðarnesi)

Ólafur Hallgrímsson, formaður

### Stjórn ROE (Rekstrarfélag orlofsmála á Eiðum)

Olga Gunnarsdóttir

### Nefnd um mennta- og fræðslumál BSRB

Þórarinn Eyfjörð, til BSRB þings í okt. 2018  
Jóhanna Þórdórsdóttir, eftir þing í okt. 2018

### Nefnd BSRB um fjölskylduvænt samfélag og jafnréttismál

Sólveig Jónasdóttir

### Réttindanefnd BSRB

Þórir Gunnarsson til loka árs 2018  
Stefanía Jóna Nielsen

### Nefnd um velferðarmál BSRB

Vésteinn Valgarðsson

### Yfirkjörstjórn BSRB

Gréta Húnfjörð Sigurðardóttir

### Norræn samtök – NFS

Árni Stefán Jónsson varamaður

### NOFS

Árni Stefán Jónsson  
Sólveig Jónasdóttir

### Nefnd á vegum EPSU um ríkisrekstur (NEA)

Árni Stefán Jónsson  
Sólveig Jónasdóttir

### Nefnd um vinnumarkað, kjaramál og lífeyrismál

Árni Stefán Jónsson

### Stjórn Félagamiðstöðvar, Grettisgötu 89

Þórarinn Eyfjörð

### Stjórn sambands lífeyrisþega ríkis og bæja

Ingibjörg Óskarsdóttir

### Stjórn Fræðslusetursins Starfsmennt

Árni Stefán Jónsson  
Jóhanna Þórdórsdóttir varamaður

### Stjórn Framvegis

Jóhanna Þórdórsdóttir

### Lífeyrishópur BSRB

Árni Stefán Jónsson

### 1. maí nefnd Reykjavík

Þórarinn Eyfjörð

### 1. maí nefnd verkalyðsfélaga á Akureyri

Jakob Björnsson

### Vinnueftirlit ríkisins

Bryndís Theodórsdóttir varamaður

### Atvinnuleysistryggingasjóður

Ína Halldóra Jónasdóttir

### Ferðakostnaðarnefnd ríkisins

Guðmundur F. Guðmundsson

### Vinnumarkaðsráð höfuðborgarsvæðisins

Páll Svavarsson

### Starfsgreinaráð fyrir heilbrigðis, -félags og uppeldisgreinar

Þórarinn Eyfjörð

### Fulltrúi SFR í 8. mars nefnd

Sólveig Jónasdóttir/Kristín Erna Arnardóttir

### Stjórn RUR (Rekstrarfélag um starfsendurhæfingu)

Árni Stefán Jónsson

### Stjórn LSR

Árni Stefán Jónsson

### Jafnréttisnefnd lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu

Kjartan Már Niemenen



# Upplýsinga- og útgáfumál

## Blað stéttarfélaganna

SFR gefur út Blað stéttarfélaganna ásamt Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Gefin voru út 4 tölublöð á árinu 2018, tvö þeirra voru undir ritstjórn Ingimars Karls Helgasonar en tvö undir ritstjórn Guðmundar Rúnars Árnasonar, en hann tók við ritstjórn blaðsins í haust. Blaðinu er dreift til allra félagsmanna og víðar, alls er upplagið um tæplega 13 þúsund eintök. Ritnefnd blaðsins kom ekki saman á árinu og var vinnsla blaðsins að mestu í höndum ritstjóra og starfsmanna félaganna.

## Önnur útgáfa

Gefin voru út þrjú sérrit á árinu að venju. Má þá fyrst nefna blað í tengslum við Stofnun ársins, sem gefið var út í maí, þar sem upplýsingar úr könnuninni meðal félagsmanna eru gerð rækileg skil. Orlofsblað SFR með myndskreyttum upplýsingum um hina fjölmörgu orlofskosti sem félögum SFR standa til boða víðsvegar um landið var unnið og sent til félagsmanna í byrjun mars og Ársskýrsla SFR lá frammi á aðalfundi félagsins í mars síðastliðnum.

Þá var gefinn út bæklingurinn Hvað hefði sameining í för með sér? í samstarfi við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar en honum var dreift til félagsmanna og á kynningarfundum á vinnustöðum.

## Samfélagsmiðlar

Facebook síða félagsins hefur fengið meira og meira vægi í samskiptum félagsins við félagsmenn. Í gegnum hana hefur verið mögulegt að koma fréttum og upplýsingum hratt til félagsmanna og hefur fjöldi fylgjenda hennar aukist jafnt og þétt og voru þeir í lok árs 2018 rétt um 5000 talsins.

## Merktar vörur

Undanfarin ár hefur félagið látið útbúa merktar vörur sem félagsmenn geta fengið sér að kostnaðarlausu. Um er að ræða takmarkað magn af litlum en hagnýtum hlutum, s.s. tautöskur og bakpokar, spil, endurskinsmerki, derhúfur, gleraugnaklútar o.fl.. Allar vörurnar eru merktar með merki SFR og markmið þeirra er að minna á félagið með jákvæðum og skemmtilegum hætti og um leið gleðja félagsmenn. Í ár voru útbúnar töskur og svokölluð buff auk spila með mynd af orlofshúsi félagsins í Munaðarnesi en þó í litlu magni þar sem seinni hluta ársins lá möguleikinn um sameiningu félaganna í loftinu og því var reynt að forðast að sitja uppi með lager sem mögulega yrði ónothæfur.





# Vefur SFR

Vefurinn, bæði ytri vefur og Mínar síður, hefur þjónað hlutverki sínu vel á árinu sem endranær.

- 154.467 heimsóknir, sem er svipað og á árinu 2017 þegar heimsóknir voru 154.500.
- 58.729 notendur komu á síðuna sem er 5,5% aukning frá árinu 2017.
- Notendur skoðuðu að meðaltali 2,7 síður í hverri heimsókn og dvöldu að meðaltali í 2 mínútur og 27 sekúndur á síðunni í hverri heimsókn.
- 37% heimsókna á vefinn koma frá snjalltækjum (32,7% 2017 og 3,2% 2012), þar af eru
  - 30,2% frá snjallsímum og
  - 6,8% frá spjaldtölvum.
- 46% þeirra sem heimsóttu [www.sfr.is](http://www.sfr.is) komu beint inn á vefinn, 42% komu frá leitarvélum, 8% frá Facebook-tenglum og 4% komu frá öðrum vefsíðum.
- Heimsóknarmetið, 1537 heimsóknir, á árinu var 6. nóvember en þann dag hófst atkvæðagreiðsla á hádegi meðal félagsmanna um hvort sameina ætti SFR og St.Rv.

## Lykiltölur fyrir Mínar síður SFR á árinu 2018

- 43.762 innskráningar, sem er aukning upp á 22%, en á árinu 2017 voru innskráningar 35.792

- Notendur skoðuðu að meðaltali 2,73 síður í hverri heimsókn og dvöldu að meðaltali í 2 mínútur og 50 sekúndur á Mínum síðum í hverri heimsókn.
- Um 23% innskrána koma frá snjallsímum (16% 2017, 11% 2016 og 6% 2015) og 7% úr spjaldtölvum (8% 2017, 6% 2016 og 8% 2015).
- Flestir skráningar inn á Mínar síður voru 6. nóvember eða 976.

## Veffréttabréf

Veffréttabréf voru send út til félagsmanna reglulega yfir árið. Miðað er við að senda vefpóst mánaðarlega en það hefur þó verið svolítið misjafnt og ráðist fremur af þörfinni fyrir upplýsingamiðlun hverju sinni. Félagið hefur netfang hjá meirihluta félagsmanna eða um 75-80%. Því skila upplýsingar í veffréttabréfum sér yfirleitt vel til félagsmanna, en þau eru alla jafna opnuð, eða í yfir 40% tilfella. Félagið hefur lagt áherslu á að félagsmenn sendi inn rétt netföng og uppfæri þau, en það geta þeir sjálfir gert á Mínum síðum, því líklega mun áherslan á rafrænar upplýsingar aukast enn meira í náinni framtíð.

## Mínar síður

Styrkir Orlofsvefur Námskeið Mínar upplýsingar ÚTSKRÁNING

**Starfsmenntunarsjóður**  
Sækja um fræðslutengda styrki og skoða stöðu mína  
SKOÐA NÁNAR

**Starfsþróunarstyrkir**  
Sækja um styrk vegna starfsþróunar og skoða stöðu mína  
SKOÐA NÁNAR

**Sjúkradagpeningar**  
Sækja um sjúkradagpeninga  
SKOÐA NÁNAR

**Styrktarsjóður**  
Sækja um styrk vegna forvarna, endurhæfingar o.fl. og skoða stöðu mína  
SKOÐA NÁNAR

**Háskólaeild - skráning**  
Hér getur þú sent inn umsókn um aðild að Háskólaeild SFR  
SKOÐA NÁNAR

**Orlofsvefur**  
Bóka orlofshús og kaupa miða og gjafabréf  
SKOÐA NÁNAR

**Námskeið**  
Yfirlit yfir námskeið sem þú hefur sótt í tengslum við SFR  
SKOÐA NÁNAR

**Minn prófill**  
Breyta minum upplýsingum og yfirlit yfir umsóknir  
SKOÐA NÁNAR

# Starfsmenntunarsjóður 2018

Alls voru greiddar út tæplega 113 milljónir úr Starfsmenntunarsjóði SFR en það er tæplega 4 milljónum krónum meira en á árinu 2017. Stærsti hluti styrkjanna var vegna háskólanáms félagsmanna, rúmar 40 milljónir. Þar á eftir koma styrkir vegna náms- og kynnisferða erlendis eða rúmlega 35 milljónir. Fjöldi afgreiddra umsókna á árinu var 1661 sem er 11,2% fjölgun milli ára. Þegar við skoðum skiptingu þeirra milli karla og kvenna þá er hlutfallið 75% konur og 25% karlar.

Mikil og vaxandi ásókn hefur verið í náms- og kynnisferðir og þegar þetta er skoðað aftur til ársins 2005 sést að sífellt fleiri velja að nýta starfsmenntunarsjóðinn í þessar ferðir, fæstir fóru árið 2009 eða 60 félagsmenn en flestir árið 2018 eða 457 félagsmenn, fjölgun frá síðasta ári er 82.

Hluti fræðslustyrkja var greiddur sem starfsþróunarstyrkur en félagsmenn geta sótt um slíka styrki vegna fræðslu sem tengist beint starfsþróunarætlun umsækjanda og er liður í starfsþróun hans samkvæmt staðfestingu yfirmanns. Sé staðfesting yfirmanns ekki fyrir hendi er réttur til umsóknar almennt háður því að verkefni teljist vera liður í starfsþróun umsækjanda til að þróast faglega en almennt viðmið fyrir styrkveitingu er að nám standist almennar gæðakröfur eða sé gæðavottað. Starfsþróunarstyrkir byggja á samkomulagi við stjórn Þróunar- og símenntunarsjóð um að Starfsmenntunarsjóður SFR sjái um afgreiðslu starfsþróunarstyrkja. Stjórn Þróunar- og símenntunarsjóðs ákveður hverju sinni hversu háa upphæð sjóðurinn leggur til starfsþróunarstyrkja og á árinu 2018 voru það 35 milljónir.


Umsóknir um styrki vegna ráðstefna erlendis voru 72 talsins á árinu, sem var 8% af heildar-útgjöldum fræðslustyrkja á árinu 2018, 8,6% árið 2017, 13% árið 2016 og 4,3% 2015.

Stjórn sjóðsins (kosin á aðalfundi 2017): Arnbjörg Gunnlaugsdóttir frá Háskóla Íslands, Ólafía Lilja Sævarsdóttir frá Tryggingastofnun ríkisins, Páll Svavarsson frá Hafrannsóknarstofnun, sem er formaður, Svanhildur Steinarsdóttir frá Menntamálastofnun, Þórdís Viborg frá Öryrkjabandalagi Íslands og Þórey Einarisdóttir frá Sjálfsbjargarheimilinu (tilnefnd af stjórn). Stjórn Starfsmenntunarsjóðs fundaði 11 sinnum á árinu. Starfsmenn sjóðsins eru Jóhanna Þórdórsdóttir og Íris Gefnardóttir.

Heiti styrks 2018	Upphæð	Karlar fjöldi	Konur fjöldi	Heildar fjöldi	% af heildar útgjöldum
Framhaldsskólanám	4.041.496	19	79	98	4%
Háskólanám**	40.402.146	152	386	538	36%
Lífsleikni	5.597.389	39	202	241	5%
Nám erlendis	356.344	1	4	5	0%
Náms-/kynnisferð	35.362.607	97	360	457	31%
Námstengdur ferðastyrkur	690.000	6	27	33	1%
Námskeið	5.429.240	30	95	125	5%
Námskeiðsgjald*	5.898.003	16	20	36	5%
Ráðstefnugjald erlendis*	8.935.747	32	40	72	8%
Skólagjald*	2.913.670	4	12	16	3%
Starfsréttindanáms	3.161.548	21	19	40	3%
<b>Samtals:</b>	<b>112.788.190</b>	<b>417</b>	<b>1244</b>	<b>1661</b>	<b>100%</b>

\*Starfsþróunarstyrkir

\*\*Starfsmenntunarsjóður og starfsþróunarstyrkir





Starfsþróunarstyrkir	Meðal- upphæð í krónum 2018	Meðal- upphæð í krónum 2017	Meðal- upphæð í krónum 2016	Meðal- upphæð í krónum 2015	Meðal- upphæð í krónum 2014
<b>Háskólanám</b>	<b>88.480</b>	<b>89.368</b>	<b>89.387</b>	<b>84.428</b>	<b>83.344</b>
Karl	104.207	110.095	98.333	90.449	96.832
Kona	82.313	81.166	85.845	82.015	77.640
<b>Námskeiðsgjald</b>	<b>163.833</b>	<b>165.671</b>	<b>122.915</b>	<b>175.600</b>	<b>217.060</b>
Karl	162.533	247.260	199.056	301.172	321.519
Kona	164.874	129.976	84.845	84.274	173.077
<b>Ráðstefnugjald erlendis</b>	<b>124.108</b>	<b>131.949</b>	<b>146.238</b>	<b>195.857</b>	<b>284.157</b>
Karl	141.592	133.382	155.817	223.812	315.459
Kona	110.120	130.704	144.095	181.880	252.856
<b>Skólagjald</b>	<b>182.104</b>	<b>206.180</b>	<b>163.973</b>	<b>134.266</b>	<b>161.989</b>
Karl	133.918	284.524	204.562	239.028	206.417
Kona	198.167	181.252	126.282	109.617	139.775

Heiti styrks	Upphæð	Karlar fjöldi	Konur fjöldi	Heildar fjöldi	% af heild- ar útgjöld- um
Framhaldsskólanám	33.670	1	0	1	0,5%
Háskólanám**	725.000	1	5	6	11,3%
Lífsleikni	68.000	0	3	3	1,1%
Náms-/kynnisferðir	3.816.223	2	37	39	59,3%
Námskeið	180.000	0	6	6	2,8%
Námskeiðsgjald*	638.828	3	0	3	10%
Skólagjald*	280.600	0	2	2	4,4%
Starfsréttindanám	100.000	1	0	1	1,6%
Ráðstefnugjald erlendis	594.859	3	0	3	9,2%
<b>Samtals:</b>	<b>6.437.180</b>	<b>11</b>	<b>53</b>	<b>64</b>	<b>100%</b>

\*Starfsþróunarstyrkir

\*\*Starfsmenntunarsjóður og starfsþróunarstyrkir

### STARFSÞRÓUNARSTYRKIR – KARLAR SÆKJA DÝRARA NÁM EN KONUR

Þegar úthlutaðir starfsþróunarstyrkir eru teknir út fyrir árin 2014 til 2018 kemur í ljós að karlar eru almennt að fá hærri styrki að meðaltali, nema á árinu 2018 þá fengu konur hærri styrki í tengslum við skólagjöld og námskeiðsgjöld.

### ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ FÉLAG STARFS- MANNA STJÓRNARRÁÐSINS (FSS)

SFR er með þjónustusamning við FJS og sá um afgreiðslu fræðslustyrkja til félagsmanna FSS sem eru 273 talsins. Á árinu 2018 voru afgreiddir 64 styrkir samtals að upphæð 6.437.180 kr. og þar af fór tæplega 60% í náms- og kynnisferðir.

# Lífeyrisdeild SFR

Lífeyrisdeild SFR starfaði af miklum krafti árið 2018 eins og árin á undan. Deildin heldur reglulega viðburði og skemmtanir sem voru vel sóttar á árinu.



Í sumar var boðið upp á sumarferð lífeyrisdeildarinnar – svokallaða Jónsmessuferð að venju. Alls fóru þrjár fullar rútur af hressum lífeyrisdeildarfélögum til Vestmannaeyja og skemmtu sér þar hið besta daglangt. Deginum lauk með glæsilegum kvöldverði.

Aðalfundur deildarinnar var haldinn í mars en þar var kosin ný stjórn. Ingibjörg Óskarsdóttir var kjörin formaður deildarinnar. Meðstjórnendur eru Guðrún María Hjálmsdóttir, Jan Agnar Ingimarsson, Sölvi Arnarson, Ólafur Loftsson, Sigurður Helgi Helgason og Lena Hákonardóttir. Skoðunarmenn reikninga eru Eyjólfur Magnússon og Sigurður Skúlason.

Á haustönninni var boðið upp á Sviðamessu og fyrir jólin hittust félagar á Jóláhátíðargleði þar sem boðið var upp á jólamákökur, tónlist og upplestur úr jólabókum.

Í febrúar var síðan haldin Þorraveisla að venju sem var vel sótt. Að lokum verður að geta þess að félagar í deildinni stunda göngur af kappi og hittast vikulega og ganga á höfuðborgarsvæðinu. Göngugarparnir eru með facebook síðu undir nafninu Grjótharðir göngugarpar.

Þeir félagar SFR sem hætta störfum og fara á lífeyri geta skráð sig í lífeyrisdeildina. Stjórn deildarinnar skipuleggur fjölbreytta viðburði og sendir reglulega út fréttablað til félaga sinna. Félagar í lífeyrisdeild greiða ekki félagsgjald en eiga kost á að sækja símenntunarstyrk til deildarinnar, nýta sér orlofskosti SFR samkvæmt ákveðnum reglum og taka þátt í námskeiðum og viðburðum á vegum félagsins. Skráðir félagar eru núna rétt um 1200 manns.





# Menningar- og skemmtinefnd

*Starf Menningar- og skemmtinefndar SFR er jafnframt fjölbreytt og viðburðirnir vel sóttir. Árið 2018 var þar engin undantekning.*

Starfið hófst á því að nefndin skipulagði Nýársfögnuð en sú hefð hefur verið undanfarin ár að fulltrúum í stjórnnum, nefndum og ráðum hefur verið boðið á fagnaðinn sem haldinn er í byrjun janúar. Þá var haldið Páska-Bingó í mars í samstarfi við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og að venju var salurinn á fyrstu hæð Grettisgötunnar troðfullur og margir fóru ánægðir heim með páskaegg. Að venju aðstoðuðu nefndarmenn síðan lífeyrisdeildina við skipulagningu Jónsmessuferðar deildarinnar.

Fyrir jólin var síðan haldið aðventukvöld með upplestri og jólalegum veitingum og hið árlega jólaball í Gullhömrum var á sínum stað. Hvort tveggja var í samstarfi við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Menningar- og skemmtinefnd SFR var kosin á fundi Félagsráðs haustið 2017, en hana skipa:

Egill Kristján Björnsson, Fangelsismálastofnun

Halldóra Þ. Ólafsdóttir, Bændasamtökin

Salvör Jónsdóttir, Reykjavíkurborg

Garðar Svansson, Fangelsismálastofnun, fulltrúi stjórnar

Margrét Högnadóttir, Ríkisskattstjóri





# FRAMVEGIS

● ● ● ● Miðstöð símenntunar

Framvegis miðstöð símenntunar er einkahlutafélag í eigu nokkurra aðildarfélaganna BSRB, þ.e. Sjúkraliðafélags Íslands, SFR stéttarfélags í almannaþjónustu og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Miðstöðin hefur starfað óslitið frá 2001, fyrst um sinn til að sinna sí- og endurmenntun fólks í starfsgreinum sem Fjölbrautaskólinn í Ármúla útskrifaði. Með inngöngu BSRB í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur starfsemin þróast talsvert og verkefnið orðið fjölbreyttari og nær til stærri hóps fullorðinna námsmanna. Starfsemin byggir að stórum hluta á lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010, reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 og samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Megin áhersla Framvegis 2018 var að bjóða upp á faglega og fjölbreytta þjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir með áherslu á þarfir atvinnulífsins. Framvegis er með þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og sér um kennslu á vottuðum námskrám fyrir skilgreinda hópa framhaldsfræðslulaga. Meðal vottaðs náms sem fór fram á vegum Framvegis árið 2018 má nefna Skrifstofuskólann, Sölu-, markaðs- og reksrarnám og Tölvuumsjón í samstarfi við Promennt. Tækninám í samstarfi við NTV og þar að auki var Stökkpallur kenndur í samstarfi við Vinnumálastofnun. Sjúkarliðanámsskeið voru misvel sótt á árinu en 29 námskeið voru á dagskrá að þessu sinni. Framvegis leggur mikið upp úr því að bjóða upp á vönduð námskeið með áherslu á árangursríka og faglega starfsþróun fyrir sjúkraliða.

Námskeiða- og fyrirlestrarröðin „Gott að vita“ hjá SFR – stéttarfélagi í almannaþjónustu og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar voru vel sótt að venju og komust færri að en

vildu. Fræðslunefndir félaganna móta dagskrá námskeiðanna í samvinnu við Framvegis sem jafnframt sér um framkvæmd þeirra og umsýslu.

Mikil umsvif voru á árinu í endumenntun atvinnubílstjóra hjá miðstöðinni en haldin voru 79 námskeið fyrir þennan hóp. Framvegis er með leyfi frá Samgöngustofu til þess að kenna 3 kjarnanámskeið, 2 valkjarnanámskeið auk valnámskeiða samkvæmt Námskrá fyrir endurmenntun bílstjóra með réttindi til að stjórna bifreið í C1-, C-, D1- og D-flokki í atvinnuskyni. Hjá Framvegis starfa tveir náms- og starfsráðgjafar sem sinna ráðgjafaþjónustu en viðtölin á árinu voru 397 talsins. Miðstöðin framkvæmdi raunfærnimat á mótí námskrá tæknibrautar Upplýsingatækniskólans eins og árið á undan.







## Starfsárið 2018

Árið 2018 var framboð starfstengds náms á vegum Starfsmenntar fjölbreytt sem fyrr og snerti á margvíslegum málefnum. Starfsmennt kaupir sæti á námskeiðum ýmissa fræðsluaðila fyrir aðildarfélagum sína og var þetta samstarf aukið enn frekar árið 2018 með því að fjölga fræðsluaðilum á höfuðborgarsvæðinu en einnig með samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Farskóla Norðurlands vestra og SÍMEY á Akureyri. Árið 2018 voru skráningar í nám á vegum Starfsmenntar 3.554 á móti 3.237 árið 2017 og námstilboðin töldu 299 þetta ár á móti 240 árið 2017.

Fagháskólanám í opinberri stjórnsýslu við Háskólann á Bifrost var í fyrsta sinn í boði haustið 2018 en þó einungis fyrir afmarkaðan hóp félagsmanna SFR sem höfðu sótt sérstaklega um að taka þátt í tilraunaverkefninu. Í því felst stuðningur við þátttakendur við að ljúka tveggja ára diplómanámi á grunnstigi háskóla sem tekið er með vinnu. Við árslok 2018 voru 27 einstaklingar í námi á vegum Starfsmenntar. Þá setti Starfsmennt á laggirnar raunfærnimatsverkefni í samvinnu við Keili – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs og með styrk úr Fræðslusjóði. Markmið verkefnisins var að bjóða upp á raunfærnimat á móti kröfum námskrár háskólabrúar Keilis til styttingar náms af háskólabrú. Mat fór fram bæði að vori og hausti og tóku alls 11 einstaklingar þátt. Í heildina fóru fram 26 matssamtöl og stóðust þátttakendur alls 150 einingar (framhaldsskólaeiningar). Flestar metnar einingar á einstakling voru 24 en að meðaltali fékk hver þátttakandi 14 einingar metnar sem nýta má til styttingar á háskólabrú. Nær allir þátttakendur hófu nám við Keili í kjölfar raunfærnimats. Bæði þessi verkefni, þ.e. fagháskólanám og raunfærnimat, eru hluti af þróunarverk-


efni sem unnið er á grundvelli fylgiskjals II með kjarasamningi FJR og SFR og hlaut á vinnslustigi nafnið Fram fyrir skjöldu.

Haustið 2018 var hrint úr vör námi skv. námskrá Fangavarðaskólans fyrir tiltekinn hóp starfsmanna Fangelsismálastofnunar. Samþykkt var að kaupa aðgang að rafrænu námsumhverfi og var fyrsta námskeiðið fyrir fangaverði sett þar upp í nóvember 2018. Tuttugu starfsmenn stunda námið samhliða vinnu og er áætlað að námslok verði vorið 2019. Almenn ánægja er um framkvæmdina og er þessi samvinna afar mikilvæg fyrir Starfsmennt til að læra á tækifæri og annmarka rafræns námsumhverfis.

Starfsmennt hélt áfram samstarfi í Erasmusplus verkefninu You Dig IT þar sem skoðuð eru rafræn verkfæri (smáforrit) sem nýst geta í námi og kennslu. Þá var Starfsmennt með í Erasmusplus umsókn um KA2 samstarfsverkefnið Transforming VET 4.0 sem lýtur að þeim áskorunum sem starfsmenntun og kennarar innan starfsmenntunar standa frammi fyrir í tengslum við 4. iðnbyltinguna. Verkefnið hlaut samþykki þýsku landsskrifstofu Erasmusplus og fær því styrk úr Menntaáætlun ESB.

Á þingi BSRB í október var Starfsmennt með kynningarbás og eins hélt framkvæmdastjóri erindi á fundi málefnaþóps um vinnumarkað framtíðarinnar um áskoranir 4. iðnbyltingarinnar og ábyrgð einstaklings á eigin símenntun. Að mörgu er að hyggja í tengslum við breytingar á vinnumarkaði og tækni-framfarir og mun mikilvægi sí- og endurmenntunar aukast enn frekar svo starfsmenn og stofnanir nái að viðhalda starfshæfni sinni og séu í takt við tímann.

# Gott að vita



Gott að vita náms- og þjálfunarkerfi fyrir félagsmenn SFR, St.Rv. og Kjarar á árinu 2018 stóð fyrir 45 námskeiðum, þjálfunarleiðum og fyrirlestrum í Reykjavík, Borgarnesi, á Ísafirði, Sauðárkróki, Blönduósi og Hvammstanga. Samtals voru þetta 182 klukkustundir af fræðslu, 31 fyrirlestur, þ.e. styttri námskeið og 14 lengri námskeið með fjölbreyttum efnivið haldin á vor- og haustönn. Alls voru það 310 SFR félagar sem sóttu þessi námskeið og þar af voru 90% (279) konur og 10% (31) karlar.

Gott að vita námskeiðin eru fjölbreytt og hafa notið mikilla vinsælda. Hugmyndin að baki þeim er að hvetja fólk til að bæta sífellt við sig, enda hafa rannsóknir sýnt að þátttaka á hvers konar námskeiðum virkar oftast sem hvati til að læra meira. Um 31,3% félagsmanna SFR hafa ekki formlegt framhaldsskólapróf, var 33,1% árið 2017 og 49,7% árið 2007 þegar launakönnun SFR var lögð fyrir í fyrsta sinn. Þegar nánar er rýnt í þessar tölur kemur í ljós að 36% kvenna (55,8% 2007) á móti 21% karla (34,9% 2007) hafa ekki lokið formlegu framhaldsskólaprófi.

Framvegis, miðstöð um símenntun, heldur utan um námskeiðin í Reykjavík í samstarfi við SFR og St.Rv. og fundar meðal annars með fræðslunefndum félaganna til að ákveða námsframboð fyrir hverja önn. Námskeiðin á Norðurlandi vestra, Vestfjörðum og Vesturlandi eru í samstarfi við Kjöl stéttarfélag og símenntunarmiðstöðvar á hverjum stað.

Meðal nýrra námskeiða og fyrirlestra á starfsárinu má nefna Íbúðaskipti erlendis, Sögur úr eigin lífi, Persónuleg stefnumótun, Aðsig-menntastofa tækifæra og Streita-dulin skaðvaldur. Áfram var boðið upp á vinsæl námskeið og fyrirlestra eins og Matreiðslunámskeið með Dóru í Culina, Spjaldtölvur, Konfektnámskeið, Golfnámskeið og Tálgun svo eitthvað sé nefnt.

## Fræðslunefnd

Fræðslunefndin fundaði tvisvar sinnum á starfsárinu til að móta dagskrá Gott að vita námskeiðanna. Í fræðslunefnd eru þau Baldur Vignir Karlsson, Elísabet Erlendsdóttir, Kristbjörg Halla Magnúsdóttir, Sigrún Kristjánsdóttir og Þórey Einarsdóttir. Ef skoðað er hvað hefur verið í boði frá árinu 2007 til og með 2018

kemur í ljós að á 12 árum hafa um 6048 þátttakendur mætt á Gott að vita námskeið eða fyrirlestra. Þetta eru að meðaltali 504 þátttakendur á ári og þar af eru SFR félagar að meðaltali um 333 á hverju ári.

## Fræðsla trúnaðarmanna

Trúnaðarmönnum bauðst að sækja fjölbreytta fræðslu á tímabilinu. Þar ber fyrst að nefna að boðið var upp á nám trúnaðarmanna hjá Félagsmálaskóla alþýðu en það skiptist í 6 tveggja daga námskeið, alls 96 kennslustundir. Alls voru það 7 námskeið á árinu 2018, 1. og 2. hluti var tvisvar í boði en 3., 4. og 5. hluti var einu sinni í boði. Í janúar og febrúar á árinu 2019 var síðan boðið upp á hluta 1 og 6. Á árinu var einnig boðið upp á fræðslumorgna á undan fundum trúnaðarmanna. Þetta voru Vaktavinna og lífeyrismál í febrúar, Listin að breyta hverju sem er haldinn í apríl, Lykillinn að góðu rifirildi, haldinn í maí þar sem farið var yfir aðferðir til að takast á við ágreining. Í september var fræðsla um #metoo og aðgerðir gegn áreitni og einelti á vinnustað, í nóvember Hvernig búum við okkur undir tæknina? og Hlutverk stéttarféлага í hringiðu fjórðu iðnbyltingarinnar. Í janúar 2019 var síðan fræðslumorgunn um samfélagsmiðla.

Á árinu 2018 voru 133 námskeiðssæti nýtt af trúnaðarmönnum sem sóttu trúnaðarmannánám og fræðslumorgna/styttri námskeið, þar af voru 74% konur og 26% karlar.

## Forystufræðsla BSRB og ASÍ

Stjórnarmönnum og starfsmönnum SFR ásamt fulltrúum í Félagsráði SFR gafst áfram kostur á að sækja námskeið á vegum Forystufræðslu BSRB og ASÍ á árinu. Það eru Fræðslusetrið Starfsmennt og Félagsmálaskóli alþýðu sem hafa umsjón með námskeiðunum. Forystufræðslan er heildstæð námsleið sem skiptist í 9 námsþemu með alls 30 námskeiðum sem spanna 192 klukkustundir. Námskeið sem buðust á árinu 2018 voru: Að fá athygli – skapandi skrif, Upplýsingatækni og gervigreind – hvaða áhrif hefur það á vinnumarkaði? Mótun og miðlun upplýsinga – færni á samskiptamiðlum, Þekkir þú Global Deal? og Hvers vegna segi ég já þegar ég meina nei? SFR nýtti aðeins 1 námskeiðssæti á árinu 2018 en 12 á árinu 2017, mögulega skrifast það á mikið álag á forystu og starfsfólk vegna vinnu við sameiningu.



## Fagháskólanám fyrir SFR félaga

Áfram var unnið að undirbúningi á námi fyrir félagsmenn á fagháskólastigi.

## Opinber stjórnýsla

Tilraunahópur á vegum Fræðslusetursins Starfsmenntar hóf fagháskólanám í opinberri stjórnýsly á ágúst. Nemendahópurinn samanstóð af 28 manns, 23 konum og 5 körlum og var meðalaldurinn 46,3 ár. Nemendur koma víða að af landinu, 18 af höfuðborgarsvæðinu, 5 frá Vesturlandi, 2 frá Norðurlandi, 1 frá Austurlandi og 2 frá Suðurlandi. Undirbúningsnámskeið var haldið hjá Starfsmennt í maí þar sem teknir voru fyrir þættir eins og námstækni, heimildaleit, hópavinna og verkefnaskil. Þá var rýnifundur haldinn í nóvember með 8 þátttakendum í náminu og er það hluti af gæðastarfi háskólans og samningi við Starfsmennt til að tryggja gæði námsins. Fagháskólanám í opinberri stjórnýsly er diplómanám á grunntigi í félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Bifröst og er 60 ECTS eininga nám, skipulagt með það að markmiði að nemendur geti stundað námið samhliða vinnu. Þetta er nýtt nám þróað af Fræðsluettinu Starfsmennt og Háskólanum á Bifröst í samvinnu við SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu og fjármála- og efnahagsráðuneytið. Verkefnið er liður í úrvinnslu bókonar með kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra um að fjölga menntunar- og starfsþróunarúræðum fyrir ríkisstarfsmenn. Inntökuskilyrðin eru þau sömu og í almennt grunnnám á háskólastigi þ.e. stúdentspróf eða ígildi þess.

## Heilbrigðisgagnafræði

Vinna við þróun fagháskólanáms í heilbrigðisgagnafræði gekk vel á árinu og fól meðal annars í sér viðhorfskönnun meðal læknaaritara og þeirra sem sinna skyldum störfum. Framkvæmd var hæfnigreining starfa heilbrigðisgagnafræðinga til að auka skilning á þeim kröfum sem gerðar eru til starfsins og tengingu þeirra við hæfniþrep ólíkra skólastiga. Þá var einnig kortlagt það nám sem hefur verið til staðar og ramminn fyrir starfsnám útærður. Niðurstaðan er 90e fræðilegt og starfstengt nám sem veitir réttindi til að starfa sem heilbrigðisgagnafræðingur. Námið skiptist í 60e fræðilegt nám í hlutanámi í tvö ár og í framhaldi af því er 30e starfsnám í 15 vikur sem fram fer á heilbrigðisstofnunum. Heilbrigðisgagnafræði er nýtt nám á Heilbrigðisvísindasviði HÍ og tekur við af læknahtarabraut sem kennd var við Fjölbrautaskólann í Ármúla. Fyrirkomulag námsins er blandað og m.a. er notast við fjarnám með staðlotum.

Heilbrigðisgagnafræðingar eru sérmenntuð heilbrigðisstétt með lögverndað starfsheiti. Þeir hafa sérþekkingu á meðhöndlun heilbrigðisgagna, gæðastöðlum, skilvirkni skráningar og lagaumhverfi heilbrigðisþjónustunnar. Starfið felur í sér skráningu heilbrigðisupplýsinga, úrvinnslu og vistun, umsjón með kóðun sjúkdóma og aðgerða. Skjalastjórnun, sjúklingabókhald, skýrslugerð, gæðaeftirlit, útgáfa og kennsla í notkun rafrænnar sjúkraskrár eru meðal helstu verkefna. Heilbrigðisgagnafræðingar sjá til þess að öryggi og aðgengi að heilbrigðisupplýsingum sé tryggt. Þverfagleg teymisvinna er mikilvægur hluti starfsins.

Samstarfsaðilar í verkefninu eru m.a. Félag íslenskra læknaaritara, Fjölbrautaskólinn í Ármúla, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Landspítali, Námsbraut HÍ í upplýsingafræði og SFR stéttarfélag.





# BSRB þing

Á árinu var 45. þing BSRB haldið með pomp og prakt að venju. Yfirskrifin var Bætt lífskjör - betra samfélag. SFR átti þar 48 fulltrúa sem m.a. sátu saman undirbúningsfund enda mikilvægt að fulltrúar á þinginu séu vel að sér.

Á þinginu voru starfandi nokkrir málefnaþópar sem fulltrúar SFR tóku þátt í en þeir fjölluðu m.a. um málefni á borð við vinnumarkað framtíðarinnar, starfsumhverfi starfsmanna í almannabjónustu, velferðarmál og fjölskylduvænt samfélag. Tveir fyrstu dagar þingsins einkenndust af þessari vinnu í málefnaþópunum en þar var m.a. mótuð stefna bandalagsins í velferðar- og kjaramálum, umhverfismálum, menntamálum og fleiri mikilvægum málum sem félagsfólki hefur legið á hjarta. Þingið þótti takast afar vel og var lærdómsríkt jafnt fyrir þá sem það sóttu í fyrsta sinn sem og gamlar kempur.

Formaður BSRB Elín Björg Jónsdóttir tilkynnti í sumar að hún myndi ekki gefa kost á sér áfram í formannsembættið. Tveir frambjóðendur buðu sig fram í embættið, þau Sonja Ýr Þorbergsdóttir og Vésteinn Valgarðsson og hlaut Sonja Ýr meirihlutakosningu í embætti formanns BSRB.

Í stefnuræðu sinni í upphafi þings varð Elínu Björgu Jónsdóttur fráfarandi formanni tíðrætt um félagslegan stöðugleika og einkennið það í raun allt starf þingsins.





# Háskóladeild SFR

Stjórn háskóladeildar SFR hittist og fundaði sex sinnum á árinu og unnið var að því að vinna nýja stefnu deildarinnar og var Halldóra Traustadóttir ráðgjafi fengin til liðs við stjórnina í stefnumótunarsvinnunni. Vegna ýmissa anna var ekki haldinn neinn viðburður á árinu eins og boðað hafði verið. Spilaði þar inn í ýmsir þættir en sannarlega höfðu þær breytingar sem lágu í loftinu vegna hugsanlegrar sameiningar áhrif á starf deildarinnar á seinni hluta ársins. Aðalfundur var 7. mars.

Háskólamenntaðir í SFR töldust vera á bilinu 14-16% en eru mun fleiri í St.Rv. eða um 30%. Með sameiningu styrkist því þessi hópur mikið. Fljótlega eftir formlega sameiningu hittust fulltrúar stjórnar háskóladeildar SFR og fulltrúar St.Rv. til að ræða stofnun nýrrar háskóladeildar sem mun vonandi starfa með öflugum hætti í framtíðinni.

## Stjórn Háskóladeildar skipa:

Guðrún Kristín Svavarsdóttir, formaður  
Svanhildur Steinarsdóttir, varaformaður  
Sólveig Jónasdóttir, ritari  
Augustin Dufatanye  
Ingiríður Blöndal  
Ólafía Sævarsdóttir



# Jafnréttisnefnd

Jafnréttisnefnd SFR fundaði einungis tvisvar sinnum á árinu. Fyrri hluti ársins var þó notaður til þess að halda áfram að endurskoða jafnréttisstefnuna en það verður að viðurkennast að botninn datt örlítið úr starfinu vegna mögulegrar breytingar á félaginu, þ.e. sameiningar. Þannig að þegar umræðan um atkvæðagreiðslu um sameiningu hófst var ákveðið að geyma frekari endurskoðun stefnunnar enda ljóst að ef að sameiningu yrði myndi sú vinna tekin upp að nýju í sameinuðu félagi.

## Í jafnréttisnefnd SFR sitja:

Ína Halldóra Jónasdóttir, Sjúkratryggingar  
Louisa Fatkova, Landspítali  
Berglind Njálisdóttir, tollstjóri, fulltrúi stjórnar  
Pétur Ásbjörnsson, Landspítali  
Guðjón Bjarki Sverrisson, Hafnarfjarðarbær

Fylgst var vel með starfi jafnréttisnefndar BSRB og þá sótti nefndarfolk einnig námskeið um einelti og áreiti sem Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur BSRB hélt.

Jafnréttisnefndin tók þátt í skipulagningu 8. mars með Menningar- og friðarsamtökum kvenna ásamt fleirum undir slagorðinu Konur gegn kúgun.



# Kynjabókhald SFR

## Félag ráðgjafa - og stuðnings- fulltrúa FRS

KYNJAHLUTFALL		Karlar	Konur	Samtals
<b>Félagsmenn:</b>		1961	3773	5734
<b>Stjórn :</b>				
	Formaður	1		1
	Varaformaður		1	1
	Ritari	1		1
	Aðrir stjórnarmenn	2	6	8
<b>Nefndir og sjóðir:</b>	Styrktar- og sjúkrasjóður	2	4	6
	Orlofssjóður	3	3	6
	Starfsmenntunarsjóður	1	5	6
	Próunar- og símenntunarsjóður	3	1	4
	Vinnudeilusjóður	3	3	6
	Kjörstjórn	6	4	10
	Skoðunarmenn reikninga	1	3	4
	Jafnréttisnefnd	2	3	5
	Menningar- og skemmtinefnd	2	3	5
	Fræðslunefnd	1	4	5
	Ritnefnd	3	2	5
	Laganefnd	2	1	3
	Uppstillingarnefnd	2	2	4
<b>Trúnaðarmenn:</b>	Trúnaðarmenn - allir	78	107	185
<b>Félagráð</b>	Félagráð	20	21	41
<b>Skrifstofa félags:</b>	Framkvæmdastjóri	1		1
	Aðrir starfsmenn	2	6	8
<b>Deildir innan SFR</b>	<b>Háskóladeild stjórn</b>			
	Formaður háskóladeildar		1	1
	Varaformaður háskóladeildar		1	1
	Ritari háskóladeildar		1	1
	Gjaldkeri háskóladeildar		1	1
	Aðrir stjórnarmenn Hásk.d.	1	1	2
	<b>Lífeyrisdeild stjórn</b>			
	Formaður lífeyrisdeildar		1	1
	Varaformaður lífeyrisdeildar	1		1
	Ritari lífeyrisdeildar		1	1
	Gjaldkeri háskóladeildar		1	1
	Aðrir stjórnarmenn LSFR	2	1	3
<b>Fagfélög innan SFR</b>	Læknaritarar formaður		1	1
	Heilbrigðisritarar formaður		1	1
	Félagliðar formaður		1	1
	Fangaverðir formaður	1		1
	Ráðgjafa- og stuðningsfulltrúar	1		1
	Félag áfengis- og vímuefnaráðgjafa	1		1
<b>Stéttarfélag innan SFR</b>	Starfsmannafélag RÚV formaður	1		1

Félagsmenn FRS starfa sem ráðgjafar og stuðningsfulltrúar á sambýlum, heimilum og heilbrigðisstofnunum sem og hliðstæðum velferðarstörfum á vegum ríkis og sveitafélaga. Félagið hefur að markmiði að vinna að hagsmunamálum félagsmanna og skjólstæðinga þeirra, vernda réttindi þeirra og beita sér gegn hverskonar misrétti í launagreiðslum og starfskjörum.

Félagið hefur einnig að markmiði að efla samheldni og samvinnu félagsmanna, stuðla að símenntun, fræðslu og bættri þekkingu félagsmanna, vera málsvari félagsmanna út á við og eiga samstarf við hliðstæð félög.

Miklar breytingar áttu sér stað á árunum 2010 og 2011 þegar málefni fatlaðra voru flutt frá ríkinu yfir til sveitarfélaganna. Allir nýir starfsmenn í þeim málaflokki gengu þá í stéttarfélag viðkomandi sveitarfélags og fækkaði þar með jafn og þétt félögum í FRS. Þar sem mikil starfsmannavelta er í þessum geira hefur fækkunin orðið töluverð. Það hefur leitt af sér þá stöðu að félagsmenn FRS sem starfa hjá sveitarfélögum eru þeir starfsmenn sem mesta starfsreynslu hafa.



# Félag áfengis- og vímuefnaráðgjafa



Aðalfundur Fár var haldinn 17. febrúar 2018. Eftir aðalfundinn var stjórn skipuð eftirtöldum stjórnarmönnum: Formaður Kristbjörg Halla Magnúsdóttir sem var kosin til tveggja ára og tók við af Hjalta Björnssyni. Meðstjórnendur kosnir til þriggja ára 2016 eru Halldóra Jónasdóttir og Páll Geir Bjarnason. Meðstjórnendur kosnir til þriggja ára 2017 eru Raket Birgisdóttir og Sara Karlsdóttir. Ingi Þór Eyjólfsson og Oddur Sigurjónsson voru kosnir á fundinum til þriggja ára og koma í stað Sigurbjargar Önnu Björnsdóttur og Svans Þorlákssonar.

Fljótlega eftir aðalfund kom stjórnin saman og skipti með sér verkum. Páll Geir Bjarnason tók að sér embætti gjaldkera og Sara Karlsdóttir tók að sér að starf ritara.



Stjórnin fundaði 10 sinnum á árinu og auk þess voru margir vinnufundir haldnir vegna sérstakra verkefna eins og starfsdaga sem haldnir voru í húsi SFR og ráðstefnu FÁR sem haldin var að Laugum í Sælingsdal.

Viðburðir á vegum félagsins hafa verið afar vel sóttir og gefur stjórninni byr undir báða vængi um að halda áfram að skipuleggja áframhaldandi viðburði og vinna að hagsmunamálum stéttarinnar.

Sérstök verkefni á árinu snéru að menntun áfengis og vímuefnaráðgjafa sem er til umfjöllunar í heilbrigðisráðuneytinu og er Kristbjörg Halla Magnúsdóttir hluti af stýrihóp í hæfnigrein-ingarvinnu hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ásamt fleiri FÁR meðlimum sem eru í greiningavinnu með það að markmiði að búa til námskrá sem hentar almenna skólakerfinu. Vinnunni er ekki lokið en ljóst er að spennandi tímar eru framundan og mun fagfélagið fylgja því fast eftir að skólastig við hæfi sé valið.



## Félag íslenskra félagsliða

Ólöf Bára Sæmundsdóttir formaður

Á aðalfundi félagsins í apríl 2018 voru kjörin til stjórnar, Ólöf Bára Sæmundsdóttir formaður, Kolbrún Björnsdóttir varaformaður, Guðrún Geirsdóttir gjaldkeri, Sissa Gestsdóttir ritari og meðstjórnendur þau Vigdís Beck, Sigurbjörg Sara og Sveinn Pálsson.

Þann 20. september 2018 hélt félagið í samvinnu við Starfsgreinasamband Íslands hinn árlega fræðsludag félagsliða og var hann haldinn í Hannesarholti í Reykjavík. Þátttakan var góð og var þráðurinn tekinn upp frá fyrra ári í formi hópastarfs. Meðal annars gengu verkefni út á það að finna svör við því sem



helst brennur á félagsmönnum eins og t.d. hvernig félagsliðar geti styrkt sig félagslega og faglega og auk þess styrkt stöðuna út á við. Kröfur félagsins eru þær sömu og undanfarin ár, þ.e. að stéttin sé viðurkennd sem heilbrigðisstétt og fái löggildingu. Námið haldi áfram að þróast og að störf félagsins verði kynnt betur í samfélaginu. Það er ákaflega mikilvægt fyrir félagsliða að hittast í það minnsta einu sinni á ári til að bera saman bækur sínar og kynnast. Stjórn félagsins mun áfram halda á lofti þeirri vinnu að kynna félagið og vinna að löggildingu stéttarinnar.

# Styrktar- og sjúkrasjóður

Stjórn Styrktar- og sjúkrasjóðs SFR hélt 8 stjórnarfundum á árinu 2018. Afgreiddar voru alls 5.178 umsóknir að upphæð 242.615.461 kr. sem er talsverð aukning milli ára eða rúmar 63 milljóna króna aukning. Fjöldi umsókna jókst um 9% á milli ára. Mesta hækkun milli ára er á sjúkradagpeningum, eða rúmlega 38 milljónir milli ára, sem er 42% af útgjöldum sjóðsins. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum finnur styrktarsjóðurinn fyrir þessari miklu aukningu á greiðslu sjúkradagpeninga líkt og aðrir sjúkrasjóðir stéttarféлага. Stjórn sjóðsins fylgist grannt með þessari þróun en hefur ekki séð ástæðu til að grípa til aðgerða enn sem komið er þar sem að tekjur sjóðsins hafa staðið undir þessari aukningu hingað til.

Fjöldi umsókna um fæðingarstyrk hækkaði milli ára, fór úr 100 umsóknum í 131 umsókn, í krónum talið úr rúnum 18 milljónum í rúmar 26 milljónir. Það er ánægjuefni að þessi styrkur er búinn að fara ört vaxandi síðastliðinn 2 ár en árið 2016 var umsóknarfjöldi 85. Tannlæknastyrkur var hækkaður áramótin 2017/2018, fór úr hámarki 100.000 krónur í 150.000. Við þessa breytingu jukust gjöld sjóðsins um rúmar 14 milljónir á árinu eða úr rúnum 18 milljónum árið 2017 í rúmar 32 milljónir á liðnu ári sem er 77,5% hækkun milli ára.

Að venju er líkamsræktarstyrkurinn vinsælasti styrkurinn en alls voru afgreiddar 1.745 umsóknir að upphæð 35,8 milljónir. Mun fleiri konur en karlar nýttu sér styrkina, þ.e. 4118 konur

sem gera 80% á móti 1063 körlum, eða 20% af umsóknum.

Úthlutunarreglur Styrktar- og sjúkrasjóðs SFR voru endurskoðaðar á árinu og tók ein breyting gildi 1. janúar 2019 en úthlutunarreglu sálfræðistyrks var breytt á þann veg að nú er greiddur helmingur af reikningi að hámarki 80.000 krónur á ári. Áður voru greiddar 5.000 krónur fyrir hvern tíma í allt að 15 skipti á ári.

Árið 2018 þurfti félagsmaður að hafa greitt a.m.k. 23.000 kr. í félagsgjöld síðastliðna 12 mánuði til að fá fullan styrk.

Hálfur styrkur er veittur þeim sem hefur greitt á bilinu 11.500-23.000 kr. í félagsgjöld síðastliðna 12 mánuði.

Stjórn Styrktar- og sjúkrasjóðs SFR (kosin á aðalfundi 2017): Elín Sigurðardóttir frá Útlendingastofnun, Jóhanna Lára Óttarsdóttir frá Sýslumanninum í Reykjavík (tilnefnd af stjórn), Ómar Árnason frá Tækniskólanum, Pálmey H. Gísladóttir frá Greiningarstöð ríkisins, Pétur Ásbjörnsson frá Landspítala og Hrafnhildur Hauksdóttir frá Ríkisskattstjóra en í desember varð Hrafnhildur bráðkvödd á heimili sínu. Hrafnhildur sinnti mörgum trúnarðarstörfum í félaginu á löngum starfsferli sínum af dugnaði og heilindum og er henni þakkað fyrir þau.

Flokkur	Greidd upphæð 2018	Konur	Karlar	Fjöldi styrkja 2018
Augnaðgerð	2.240.116 kr.	16	7	23
Dánarbætur	2.300.000 kr.	8	6	14
Fæðingarstyrkur	26.676.888 kr.	86	45	131
Gleraugna eða linsukaupastyrkur	6.564.740 kr.	309	100	409
Heilsustofnun NLFÍ	2.730.000 kr.	42	2	44
Heyrnartæki	4.033.862 kr.	22	10	32
Hjartarvernd	1.280.000 kr.	46	21	64
Krabbameinsrannsóknir framh.	587.730 kr.	52	10	62
Krabbameinsskoðun	3.736.015 kr.	735	0	735
Líkamsrækt	35.839.433 kr.	1298	447	1745
Sálfræðingur/félagsráðgjafi	6.567.000 kr.	333	104	437
Sérstakar aðstæður	919.986 kr.	8	4	12
Sjúkradagpeningar	102.904.133 kr.	311	69	380
Sjúkraþjálfun og nudd	11.019.309 kr.	567	124	691
Tannlæknakostnaður	32.882.902 kr.	267	108	375
Tæknifréttir	2.333.348 kr.	18	6	24
Samtals	242.615.462 kr.	4118	1063	5178



# Stjórn, nefndir og ráð SFR

## Stjórn SFR (kosin 23. mars 2017)

Árni Stefán Jónsson, formaður SFR  
Bryndís Theodórsdóttir, varaformaður, Vinnumálastofnun  
Gunnar Garðarsson, ritari, Vegagerðin  
Berglind Margrét Njálisdóttir, Tollstjóraembættið  
Elin Helga Sanko, Landspítali  
Garðar Svansson, Fangelsismálastofnun  
Jóhanna Lára Óttarsdóttir, Sýslumaður höfuðborgarsvæðisins  
Ramuné Kamarauskaité, Isavia  
Sigurlaug Hrefna Sverrisdóttir, Háskóli Íslands  
Viðar Ernir Axelsson, Landhelgisgæslan  
Þórey Einarsdóttir, Sjálfsbjargarheimilið

## Menningar og skemmtinefnd

(kosin á félagsráðsfundi 20. sept 2017)

Egill Kristján Björnsson, Fangelsismálastofnun  
Halldóra Þ. Ólafsdóttir, Bændasamtökin  
Salvör Jónsdóttir, Reykjavíkurborg  
Garðar Svansson, Fangelsismálastofnun

## Ritnefnd (kosin á félagsráðsfundi 20. sept 2017)

Elin Helga Jóhannesdóttir Sanko, Landspítali, fulltrúi stjórnar  
Vésteinn Valgarðsson, Landspítali  
Svanhildur Steinarsdóttir, Menntamálastofnun  
Jón Ingi Jónsson, Fangelsismálastofnun  
Guðni Kristjánsson, Íbúðalánasjóður

## Jafnréttisnefnd (kosin á félagsráðsfundi 20. sept 2017)

Ína Halldóra Jónasdóttir, Sjúkratryggingar  
Louisa Fatkova, Landspítali  
Pétur Ásbjörnsson, Landspítali  
Guðjón Bjarki Sverrisson, Hafnarfjarðarbær  
Berglind Njálisdóttir, Tollstjóri

## Fræðslunefnd (kosin á félagsráðsfundi 20. sept 2017)

Þórey Einarsdóttir, Sjálfsbjargarheimilið  
Elísabet Erlendsdóttir, Mannvirkjastofnun  
Kristbjörg Halla Magnúsdóttir, SÁÁ  
Sigrún Kristjánsdóttir, ÁTVR  
Baldur Vignir Karlsson, Landspítali

## Laganefnd (kosin á félagsráðsfundi 20. sept 2017)

Viðar Axelsson, Landhelgisgæslan  
Ólafur Hallgrímsson, Listaháskólinn  
Elin Helga Jóhannesdóttir Sanko, Landspítali

## Uppstillingarnefnd

(kosin 27. september 2016)

Einar Andrésson, Fangelsismálastofnun Íslands  
Jóhanna Vilhjálmsdóttir, Fiskistofa  
Jóhanna Lára Óttarsdóttir, Sýslumaður Höfuðborgarsvæðisins  
Pétur Ásbjörnsson, Landspítali

## Stjórn Orlofsjóðs (kosin 23. mars 2017)

Ólafur Hallgrímsson, Listaháskóli Íslands, formaður  
Hafís Hulda Vilhjálmsdóttir, Landsbókasafn Íslands  
María Hlín Eggertsdóttir, Sýslumaðurinn á Akranesi  
Olga Gunnarsdóttir, Skógabær  
Viðar Ernir Axelsson (tilnefndur af stjórn)  
Vilhjálmur Pálmason, Háskóli Íslands

## Stjórn Vinnudeilusjóðs

Einar Andrésson, Fangelsismálastofnun  
Sigurður Rafn Jóhannsson, Vegagerðin  
Sigrún Kristjánsdóttir, ÁTVR  
Sigríður Poulsen, Tilraunastöð HÍ að Keldum  
Vésteinn Valgarðsson, Landspítali  
Bryndís Theodórsdóttir, Vinnumálastofnun (tilnefnd af stjórn)

## Stjórn Styrktar- og sjúkrasjóðs

(kosin 23. mars 2017)

Elin Sigurðardóttir, Útlendingastofnun  
Hrafnhildur Hauksdóttir, Ríkisskattstjóri (lést í lok árs)  
Jóhanna Lára Óttarsdóttir, Sýslumaðurinn á Höfuðborgarsvæðinu (tilnefnd af stjórn)  
Ómar Árnason, Tækniskóli Íslands  
Pálmey H Gísladóttir, Greiningarstöð ríkisins  
Pétur Ásbjörnsson, Landspítali

## Stjórn Starfsmenntunarsjóðs

(kosin 23. mars 2017)

Arnþjórgunnlaugsdóttir, Háskóli Íslands  
Ólafía Lilja Sævarsdóttir, Tryggingastofnun ríkisins  
Páll Svavarsson, Hafrannsóknarstofnun  
Svanhildur Steinarsdóttir, Menntamálastofnun  
Þórdís Viborg, Vinnumálastofnun  
Þórey Einarsdóttir, Sjálfsbjargarheimilið (tilnefnd af stjórn)

## Kjörstjórn

Astrid Sörensen, Reykjalundur  
Grétar Þór Kristinsson, Ríkisskattstjóri  
Halldór Sveinn Hauksson, Vegagerðin  
Hanna Íris Sampsted, Biskupsstofa  
Sölvi Stefán Arnarson, Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastdæmis  
Egill Kristján Björnsson, Fangelsismálastofnun, varamaður  
Jóhanna Vilhjálmsdóttir, Fiskistofa, varamaður  
Lárus Stefán Ingibergsson, einstaklingsaðild, varamaður  
Sigríður Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, Reykjavíkurborg, málefni  
fatlaðra, varamaður  
Sigurgeir Högnason, Sjúkratryggingar Íslands, varamaður

## Stjórn Þróunar- og símenntunarsjóðs

Tilnefnd af SFR: Árni Stefán Jónsson, SFR og  
Sigurlaug Hrefna Sverrisdóttir, Háskóli Íslands  
Tilnefnd af atvinnurekendum: Guðmundur H. Guðmundsson,  
Kjara -og mannauðssvið ríkisins og Ásgeir M Kristinsson, Fjár-  
sýsla ríkisins

## Stjórn Háskóladeildar

(kosin á stofnfundi 17. nóv 2016)

Guðrún Kristín Svavarsdóttir, Landspítali, formaður  
Svanhildur Steinarsdóttir, Menntamálastofnun, varaformaður  
Sólveig Jónasdóttir, SFR stéttarfélagi, ritari  
Augustin Dutatanye, Reykjavíkurborg  
Ingiríður Blöndal, Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu  
Ólafía Sævarsdóttir, Tryggingastofnun ríkisins  
Sveinn Sveinsson hjá Vinnumálastofnun, gjaldkeri (hættur haust  
2017)

## Stjórn Lífeyrisdeildar

Ingibjörg Óskarsdóttir, formaður  
Guðrún María Hjálmsdóttir  
Jan Agnar Ingimarson  
Lena Hákonardóttir  
Ólafur Loftsson  
Sigurður Helgi Helgason  
Sölvi Arnarson

## Skoðunarmenn reikninga

(kosnir á aðalfundi 23. mars 2017)

Sigríður Jakobsdóttir, Lífeyrisdeild SFR  
Ína Halldóra Jónasdóttir, Sjúkratryggingar Íslands  
Augustin Dufatanye, Reykjavíkurborg, varamaður  
Gréta Húnfjörð Sigurðardóttir, Landspítali, varamaður

## Löggiltur endurskoðandi SFR

Rögnvaldur Dofri Pétursson hjá Ernst og Young ehf.

# Trúnaðarmenn SFR 2017-2018

## SUÐURLAND

### Árborg

Pálína V Sigtryggsdóttir, Vallholt 9 og Vallholt 12 – 14  
Jónína Sigurjónsdóttir,  
VISS - Vinnu og hæfingastöð  
Hafdís Björnsdóttir,  
Þjónustumiðstöð Álftarimi 2

### Fangelsismálastofnun

Kristján Hoffmann, Litla Hraun,  
fangelsið Sogni  
Jóhann Ágústsson, Litla Hraun

### Heilsustofnun NFLI Hveragerði

Erlingur Arthúrsson

### Landgræðsla ríkisins

Bjarni Arnþórsson

### Ríkisskattstjóri

Magnea Bjarnadóttir, Hella

### Sýslumaður Vestmannaeyja

Hulda Sæland Árnadóttir

### Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Ingunn Gunanrsdóttir

### Vegagerðin

Gunnar Garðarsson, Selfoss/Suðursvæði

## AUSTURLAND

### Skógrækt ríkisins

Anna Pálína Jónsdóttir

### Sýslumaðurinn á Austurlandi

Elva Dröfn Sveinsdóttir

## NORÐURLAND

### Akureyrarbær

Kristinn Már Torfason, Búsetudeild

### Fangelsismálastofnun

Sigríður Björg Einarsdóttir,  
Fangelsið Akureyri

### Háskólinn á Akureyri

Kristín Konráðsdóttir

### Háskólinn á Hólum

María Gréta Ólafsdóttir

### Íbúðalánasjóður

Guðni Kristjánsson, Sauðárkróki

### Ríkisskattstjóri

Gunnlaug Steinunn Árnadóttir, Akureyri  
Ingvar Kristinn Hreinsson, Siglufirði

### Sýslumaðurinn á Norðurlandi Eystra

Unnur Guðjónsdóttir

### Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra

Ebba Unnsteinsdóttir, Blönduósi

### Vegagerðin

Guðrún Emilía Höskuldsdóttir, Akureyri

### Vinumálastofnun

Hjalta Viðar Reynisson, Greiðslustofa

## VESTFIRÐIR

### Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Erla Jóhannsdóttir

### Heilbrigðisstofnun Vesturlands

Rún Elfa Oddsóttir  
Heiðrún Höskuldsdóttir

### Ísafjarðarbær

Íris Björk Felixdóttir,  
fjölskyldu- og skólaskrifstofu

### Ríkisskattstjóri

Harpa Björnsdóttir, Ísafirði

### Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

Anna Karen Kristjánsdóttir

### Vegagerðin

Sveinfríður Högnadóttir, Ísafjörður

## VESTURLAND

### Fangelsismálastofnun

Garðar Svansson, Fangelsið Kvíabryggju

### Félag frjótækna

Elva Björk Jónmundsdóttir

### Fiskistofa

Björgvin Guðmundsson

### Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Lilja Magnúsdóttir

### Heilbrigðisstofnun Vesturlands

Heiðrún Höskuldsdóttir,  
St. Franciskusspítali, Stykkishólmi

### Landbúnaðarháskóli Íslands

Dagný Sigurðardóttir, Hvanneyri  
Jón Kristófer Arnarson, Reykjum

### Landmælingar Íslands

Carsten Jón Kristinsson

### Ríkisskattstjóri

Kristín Guðjónsdóttir, Akranesi

### Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Hulda Mjöll Hallfreðsdóttir

## REYKJANES

### Fjölbrautarskóli Suðurnesja

Sigurlaug Kristinsdóttir

### Fríhöfnin

Gísli Sigurðsson, A-vakt

### Fríhöfnin

Gísli Árni Gíslason, B-vakt

### ISAVIA

Kristján Þór Karlsson, skrifstofuhópur  
Sigurður Eysteinn Gíslason, gátstöð  
Ingimundur Sveinn Pétursson, vopnaleit

### B-vakt

Sigurbjörg Erlingsdóttir, vopnaleit A-vakt  
Helena Sigurbergisdóttir,  
flugvernd - eftirlitsdeild  
Elvar Már Þrastarson, vopnaleit  
Gyða Kolbrún Unnarsdóttir, vopnaleit

### Héraðsdómur Reykjaness

Erna Björt Árnadóttir

### Landhelgisgæsla Íslands

Ólafur Ásmundsson, Keflavík

### Sýslumaðurinn á Suðurnesjum,

Agnes Fjöla Georgsdóttir

### Lögreglustjórnin á Suðurnesjum

Íris Ebba Óskarsdóttir  
Teresa Stein

## HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

### Ás styrktarfélag

Helga G Hjörleifsdóttir, Lyngás  
Sóley Ingunn Svanbergisdóttir, Klukkuvöllum

### ÁTVR

Sigrún Kristjánsdóttir, skrifstofur  
Ólafur Gunnar Þórólfsson, Dreifingarmiðstöð  
Sigurður Þór Gunnlaugsson, Vínbúðin  
Kringlunni

### Barnaverndarstofa

Sigurður Svanur Pálsson, Lækjarbakka

### Biskupsstofa

Hermann Björn Erlingsson

### Borgarholtsskóli

Marta Lunddal Friðriksdóttir

### Bændasamtök Íslands

Halldóra Þ Ólafsdóttir

### Einkaleyfastofa

Linda Björk Helgadóttir

### Embætti landlæknis

Kristinn Jónsson

### Fangelsismálastofnun

Einar Andrésson, Fangavarðafélag Íslands  
Egill Kr. Björnsson, Hólmsheiði

### FÁR

Kristbjörg Halla Magnúsdóttir

### Félag heilbrigðisritara

Fríða Kristbjörg Steinarsdóttir

### Fiskistofa

Jóhanna S Vilhjálmsdóttir

### Fjármálaeftirlit ríkisins

Reynir Ólafsson

### Fjölbrautarskóli Garðabæjar

Guðmundur Ásgeir Eiríksson

### Fjölbrautarskólinn í Breiðholti

Viðar Ágústsson

### Fjölbrautarskólinn við Ármúla

Inga Lára Pétursdóttir

### Flensborgarskólinn

Kristín Másdóttir

### Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins

Kolbrún Jónsdóttir

### Grund og Mörk

Þorvaldur S Þorvaldsson

### Hafnarfjarðarbær

Jón Guðmar Jónsson,  
Blikaás 1 og Erluás 68, heimili fyrir fatlað fólk

### Hafnarfjarðarbær

Guðjón Bjarki Sverrisson,  
Berjahlíð og Svöluás

### Hafransóknarstofnun

Eydís Heiða Njarðardóttir

### Háskóli Íslands

Sigríður Rut Sigurðardóttir  
Armbjörg Gunnlaugsdóttir  
Björn Auðunn Magnússon



## Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Ásgerður Halldórsdóttir, Sólvangur  
Arnbjörg Þórðardóttir, Mosfellsbær  
Guðrún Jóhanna Sigþórsdóttir, Miðbær  
Hjördís Svavarsdóttir, Árbær  
Ragnheiður I Þórólfsdóttir,  
Heilsugæslan Mjódd  
Magnús Grétar Ingibergsson, skrifstofur  
Álfabakka 16 og Þönglabakka 1  
Ástríður Jóhanna Jensdóttir, Efstaleiti  
Margrét Vigdís Eiríksdóttir  
Dagný Ásta Magnúsdóttir

## Héraðsdómur Reykjavíkur

Pálmar Sölvi Sigurgeirsson

## Héraðssaksóknari

Hlín Risten Þórhallsdóttir

## Hrafnista

Björg Snjólfisdóttir, Reykjavík

## Íbúðalánasjóður

Elín Þóra Eiríksdóttir

## Íslenskar orkurannsóknir

Sveinbjörn B. Nikulásson

## Íslenski dansflokkurinn

Inga Maren Rúnarsdóttir

## Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæmis

Helgi Skúlason

## Klettabær

Magnús Veigar Ásgrímsson, Breiðás kjallari  
Andrea María Fleckenstein, Breiðás efri  
Gunnar Smári Jónsson, Suðurvangi  
Emil Alfreð Emilsson, Drekaöllum  
Alexander Bjarki Svavarsson, Brekkugötu  
Bergur Elí Rúnarsson, Barmahlíð  
Bjarni Daníel Ýmisson

## Landhelgisgæsla Íslands

Haraldur I Benediktsson, Stjórnstöð  
Rafn Sigurgeir Sigurðsson,  
Flug og tæknisvið, Nauthólvík

## Landsbókasafn Íslands

Hafdís Hulda Vilhjámsdóttir

## Landspítalinn

Alda Björg Breiðfjörð, 32 C Hringbraut  
Baldur Vignir Karlsson,  
réttargeðdeild Kleppi  
Elín Helga Jóhannesdóttir Sanko,  
læknaritarar Fossvogi  
Ingibjörg Hafberg,  
sjúkraskráarsafn Vesturhlíð  
Ísak Hrafn Stefánsson,  
sérhæfð endurhæfingargeðdeild  
Kristín S. Hall Jónasdóttir, Rannsóknarkjarni,  
Hringbraut og Fossvogur  
Kristófer Ingi Svavarsson, öldrunardeild H  
Ólafur Sófus Lárússon, 33A Hringbraut  
Rakel Rut Björnsdóttir, Laugarásinn  
meðferðargeðdeild  
Sigmundur Davíðsson,  
Þvottahús / saumastofa  
Þorbjörg Gréta Auðunsdóttir,  
33 A Hringbraut  
Vilhjálmur Hjaltalín Jónsson, BUGL  
Haukur Ingvaldsson, Öryggisverðir  
Hringbraut

Pétur Ásbjörnsson, Heilbrigðis- og  
upplýsingatæknideild, rekstrarlausnir  
Auður Sigurðardóttir, Apótek  
Gunnar Rúnar Eyjólfsson, flutningadeild  
Ólöf Huld Vöggisdóttir, Móttökuritarar  
bráðamóttöku  
Sigríður Einarsdóttir, Læknaritarar LSH og  
starfsmenn MSR – LSH  
Guðjón Gunnþórsson, Vélfræðingar,  
vélaverkstæði og Ketilshús  
Edda Gerður Guðmundsdóttir, Landakot  
Alda Sigurjónsdóttir, Læknaritaramiðstöð  
Birgir Kristbjörn Hauksson,  
Eldhús, matsalir Hringbraut  
Vésteinn Valgarðsson, Endurhæfingardeild  
5 og 7 daga

## Lánasjóður íslenskra námsmanna

Guðfinna Guðfinnsdóttir

## Listaháskóli Íslands

Ólafur Hallgrímsson

## Listasafn Íslands

Sturla Óskarsson

## Lyfjastofnun

Særún Brynja Nielsdóttir

## Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Kjartan Már Niemenen, Fangageymsla  
Ásgerður Þóra Ásgeirsdóttir

## Mannvirkjastofnun

Elísabet Erlendsdóttir

## Matvælastofnun

Ísleifur Arnarson

## Menntamálastofnun

Svanhildur Steinarsdóttir

## Menntaskólinn í Kópavogi

Steini Þorvaldsson

## Menntaskólinn við Hamrahlíð

Kent Lárus Björnsson

## Náttúrufræðistofnun Íslands

Áslaug Sigurðardóttir

## Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Ósk Ólöf Sigurðardóttir

## Rannís

Sigríður Þórunn Grétarsdóttir

## RARIK

Ásdís Matthíasdóttir

## Raunvísindastofnun Háskóla Íslands

Þorsteinn Jónsson

## Reykjalundur

Astrid Sörensen

## Reykjavíkurborg

Elva Hlín Harðardóttir,  
Gylfaliöt dagþjónusta  
Augustin Dufatanye, Sæbraut 2

## Ríkislögreglustjóri

Torfi Rúnar Kristjánsson

## Ríkisskattstjóri

Margrét Högnadóttir, Reykjavík

## Ríkisútvarpið

Gunnar Magnússon

## Samgöngustofa

Halla Torfadóttir

## SÁÁ

Kristbjörg Halla Magnúsdóttir, Vogur  
Sjálfsbjargarheimilið  
Þórey Einarsdóttir  
Sjúkratryggingar Íslands  
Anna Lára Guðnadóttir  
Aðalheiður Sigríður Jörgensen

## Skálatúnsheimilið

Ragnheiður Hansen

## Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra

Steinunn Hreinsdóttir

## Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Hjördís Árnadóttir, Hafnarfjörður

## Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Cilia Marianne Úlfisdóttir, Kópavogur

## Tilraunastofnun HÍ í meinafræði að Keldum

Sigríður Poulsen

## Tollstjóri

Berglind Margrét Njálisdóttir  
Rúna Lís Bjarnadóttir

## Tryggingastofnun Íslands

Guðmundur Helgi Hjaltalín

## Tækniskólinn

Hildur Sigurðardóttir

## Umhverfisstofnun

Stella Aðalsteinsdóttir

## Útlendingastofnun

Edith S Meyer Gísladóttir

## Veðurstofa Íslands

Magnús Guðmundsson, Keflavíkurflugvöllur  
Hilmar Ævar Hilmarsson, Bústaðavegur 7

## Vegagerðin

Sigurður Rafn Jóhannsson, Reykjavík

## Vinakot

Atli Már Bárúson, Ölduslóð efri  
Daði H. Sigmarsson, Ölduslóð neðri  
Dagný Helgadóttir, Laufríma

## Vinnueftirlit ríkisins

Oddur Rósant Ólafsson, Reykjavík

## Vinnumálastofnun

Höskuldur Einarsson, Kringlan  
Hjalti Viðar Reynisson, Greiðslustofa

## Þjóðleikhúsið

Guðmundur Erlingsson

## Þjóðminjasafn Íslands

Villimeyja K.M. Sigurbjörnsdóttir

## Þjóðskjalasafn Íslands

Embla Valberg

## Þjóðskrá Íslands

Oddfreyja H. Oddfreysdóttir

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir  
blinda, sjónskerta og einstaklinga með  
samþætta sjón- og heyrnarskerðingu  
Ásdís Þórðardóttir

# Framhaldsaðalfundur

Sameykis stéttarfélags í almannþjónustu

fimmtudaginn 28. mars 2018, kl. 17:00 - Grettisgötu 89, 1. hæð

## DAGSKRÁ

1. Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári.
2. Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið almanaksár.
3. Kosinn löggiltur endurskoðandi félagsreikninga, tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
4. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar.
5. Ályktanir aðalfundar afgreiddar
6. Önnur mál

Allir félagsmenn eru velkomnir

Boðið verður upp á léttan kvöldverð